



# Lokaritgerð til B.A.-prófs í sagnfræði

## Sigurstál í viljans vigri

Stjórnmalakonurnar Katrín Thoroddsen og Svava Jakobsdóttir

Ída Logadóttir

Leiðbeinandi Ragnheiður Kristjánsdóttir  
Febrúar 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
HUGVÍSINDASVIÐ

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Sagnfræði**

# **Sigurstál í viljans vigri**

*Stjórnmalakonurnar Katrín Thoroddsen og Svava Jakobsdóttir*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Ída Logadóttir**

**Kt.: 230395-2929**

**Leiðbeinandi: Ragnheiður Kristjánsdóttir**

**Janúar 2020**

## Ágrip

Í alþingiskosningunum árið 1946 var Katrín Thoroddsen kjörin á þing fyrir Sósíalístaflokkinn. Katrín var þriðja konan á þing hér á landi og fyrsta konan úr vinstri flokki. Þingseta Katrínar varði aðeins til ársins 1949, en svo áttu eftir að líða 22 ár þar til önnur kona var kjörin á þing fyrir vinstri flokk þegar Svava Jakobsdóttir var kjörin inn á þing árið 1971 fyrir Alþýðubandalagið. Vinstri konur áttu því engan málsvara á Alþingi á árunum 1949-1971. Í þessari ritgerð verður meðal annars reynt að svara því hvers vegna svona langur tími leið á milli fyrstu og annarrar konunnar á þingi fyrir vinstri flokk, hvaða þýðingu vera þeirra á þingi hafði fyrir íslenska kvenréttindabaráttu um og upp úr miðri 20. öld og hvað hafði breyst í samfélaginu á þeim tæpa aldarfjórðungi er leið á milli þess sem Katrín vék af þingi og Svava tók sitt sæti þar. Til þess að svara þessum spurningum eru þingferlar kvennanna skoðaðir, málín sem þær töluðu fyrir borin saman sem og móttökurnar sem þær fengu, bæði frá öðrum þingmönnum sem og íslensku samfélagi. Mikill skortur er á heimildum um íslenskar stjórnmalakonur á meðan flóra heimilda um íslenska stjórnmalamenn blómstrar með hverju árinu. Hefðbundnar kvennasögurannsóknir eiga það til að einblína frekar á þær konur sem voru hvað mest áberandi í sögunni, t.d. Ingibjörgu H. Bjarnason og Bríeti Bjarnhéðinsdóttur. Þó fáar konur hafi verið eins áberandi í sögunni og þessar áður nefndu þá er Íslandssagan uppfyll af merkilegum stjórnmalakonum. Markmið þessarar ritgerðar er m.a. að bæta í þessa snauðu flóru heimilda um íslenskar stjórnmalakonur og vonandi gera ævistörfum Katrínar Thoroddsen og Svövu Jakobsdóttur góð skil.

## Efnisyfirlit

|   |           |
|---|-----------|
| <b>Ágrip</b> .....  | <b>2</b>  |
| <b>Inngangur</b> .....  | <b>4</b>  |
| <b>1. Erlendar rannsóknir og sögulegur bakgrunnur</b> .....                                     | <b>7</b>  |
| 1.1 Kjörgengi kvenna.....   | 7         |
| 1.2 Konur sem þingmenn.....   | 8         |
| 1.3 Kommúnistar, sósíalistar og konur .....   | 10        |
| <b>2. Konur í íslenskri pólitík</b> .....   | <b>12</b> |
| 2.1 Staðan á Alþingi eftir 1915.....  | 12        |
| 2.2 Málafni kvenna á þingi .....  | 13        |
| 2.2.1 Áherslur kvenna í réttindabaráttunni.....   | 15        |
| 2.3 Kvenréttindi í stefnuskrám Alþýðuflokksins, Kommúnistaflokksins og Sósíalistaflokksins .... | 16        |
| <b>3. Katrín Thoroddsen</b> .....   | <b>18</b> |
| 3.1 Æska og uppvöxtur.....  | 18        |
| 3.2 Menntun og læknisstörf .....  | 19        |
| 3.2.1 Frjálsar ástir.....   | 20        |
| 3.3 Stofnun og þátttaka í félagasamtökum .....  | 21        |
| 3.4 Kvenréttindaskörungurinn Katrín.....  | 22        |
| 3.5 Sósíalisminn og leiðin inn á þing .....   | 23        |
| 3.6 Þingseta.....   | 25        |
| 3.6.1 Katrín vikur af þingi.....  | 29        |
| 3.7 Bæjarstjórn og efri ár .....  | 30        |
| <b>4. Svava Jakobsdóttir</b> .....  | <b>32</b> |
| 4.1 Æska og uppvöxtur.....  | 32        |
| 4.2 Menntun, fjölskyldulíf og fyrri störf.....  | 32        |
| 4.3 Ritstörf.....   | 33        |
| 4.4 Kosningabaráttan 1971 .....   | 35        |
| 4.5 Þingseta.....   | 36        |
| 4.6 Störf eftir þing .....  | 40        |
| <b>5. Katrín, Svava og aðrar konur á Alþingi</b> .....  | <b>42</b> |
| 5.1. Samanburður.....   | 42        |
| 5.2 Kvenréttindabaráttan á Alþingi 1949-1971 .....  | 47        |
| <b>Niðurstöður</b> .....  | <b>49</b> |
| <b>Heimildaskrá</b> .....   | <b>52</b> |

## Inngangur

Íslands konur, hefjist handa!  
heimtið yðar rétt!  
Efst til fjalla, fremst til stranda,  
fylkið yður saman þétt!  
Fram, í trú að fullum sigri,  
fegri, betri tíð!  
Sigurstál í viljans vigri  
vinna látið frelsis-stríð!<sup>1</sup>

Svo hljóðar fyrsta erindi ljóðsins „Kvennaslagur“ sem ort var af Guðmundi Guðmundssyni árið 1910 að beiðni Bríetar Bjarnhéðinsdóttur sem baráttusöngur Kvenréttindafélags Íslands.<sup>2</sup> Í ljóðinu segir Guðmundur íslenskum konum að „heimta [sinn] rétt“ og á þá við kosningaréttinn sem konur stóðu í ströngu við að berjast fyrir á þessum tíma. Þann 19. júní árið 1915 fengu svo konur 40 ára og eldri kosningarétt til Alþingis. Þann rétt fengu þær ásamt vinnuhjúum og átti aldurstakmarkið að lækka árlega um eitt ár næstu 15 árin. Aldurstakmarkið var þó felld úr gildi árið 1920 og fengu þá konur og vinnuhjú full pólitísk réttindi við 25 ára aldur.<sup>3</sup> Kosningaréttur varð þó ekki til þess að konur færu að fjölmenna á þing heldur virtist hann breyta litlu í hinu pólitíska landslagi næstu árin, þrátt fyrir að vera fagnað sem mikilvægum áfanga af mörgum kvenréttindaskörungum. Það varð ekki fyrr en árið 1922 sem fyrsta konan tók sæti á Alþingi þegar Ingibjörg H. Bjarnason var kjörin á þing fyrir Kvennalistann.<sup>4</sup> Næsta kona inn á þing var Guðrún Lárusdóttir árið 1930 fyrir Sjálfstæðisflokkinn, sama ár og Ingibjörg H. Bjarnason vék úr sæti sínu á Alþingi.<sup>5</sup> Ingibjörg hafði gengið til liðs við Íhaldsflokkinn og síðar Sjálfstæðisflokkinn á meðan á þingsetu hennar stóð og var mikið gagnrýnd fyrir, en einhverjum þótti hún vera að svíkja kynsystur sínar og málstað þeirra með þessari tilfærslu. Hið róttæka vinstri bar því lægri hlut gagnvart Sjálfstæðisflokknum þegar kom að konum á þingi á fyrri hluta 20. aldar. Það liðu 23 ár frá því að Ingibjörg var kosin á þing fyrst kvenna þar til vinstri flokkur setti konu í öruggt sæti á lista sem leiddi til þingsetu hennar.

Sú kona var Katrín Thoroddsen, dóttir róttæka stjórnmálamannsins Skúla Thoroddsen og stjórnmála- og kvenréttindakonunnar Theodóru Thoroddsen. Katrín var kjörin á þing árið

---

<sup>1</sup> Ljóðið „Kvennaslagur“ eftir Guðmund Guðmundsson sem hann tileinkaði Kvenréttindafélagi Íslands.

<sup>2</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Hirðskáld kvennahreyfingarinnar“, *Morgunblaðið* 27. jan. 2007.

<sup>3</sup> *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*, bls. 148-149.

<sup>4</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 140.

<sup>5</sup> Sama heimild, bls. 195.

1946 fyrir Sameiningarflokk alþýðu — Sósíalístaflokkinn<sup>6</sup>, en hún var í fjórða sæti á lista flokksins í Reykjavík. Katrín var lækni að mennt og var til að mynda fyrst íslenskra lækna til að fá sérfræðingsleyfi í barnalækningum. Hún var einnig ötul baráttukona fyrir kvenréttindum, var virkur félagi í KRFÍ<sup>7</sup> og einnig fyrsti formaður Félags háskólakvenna. Sigurður Thoroddsen, bróðir Katrínar, lýsir henni í endurminningum sínum sem vel gefinni, góðri, minnugri, orðheppinni, hjálpfúsri og skyldurækinni.<sup>8</sup> Þegar slíkt kjarnakvendi hafði brotið glerþakið meðal sósíalista-systra sinna og þannig rutt veginn fyrir aðrar efnilegar stjórnámákonur mætti ætla að fleiri hafi fylgt henni á hæla. Raunin varð þó önnur. Þingsetu Katrínar lauk árið 1949 og þrátt fyrir að mörgum hafi þótt hún tímabær og nauðsynleg þá leið tæpur aldarfjórðungur þar til önnur kona úr vinstri flokki tók sæti á Alþingi. Svava Jakobsdóttir, rithöfundur, skáld og kvenréttindaskörungr, var kjörin inn á þing árið 1971 fyrir Alþýðubandalagið og átti þar sæti í tæpan áratug. Hún var lengst af ein af aðeins þremur konum á Alþingi.<sup>9</sup>

Rannsóknarefni þessarar ritgerðar er ævi og þingstörf kvennanna tveggja, Katrínar Thoroddsen og Svövu Jakobsdóttir. Markmiðið er að varpa ljósi á hvað leiddi þær á braut stjórn mála, hvað einkenndi vegferð þeirra þegar þangað var komið og hvernig þeim og hugmyndum þeirra var tekið á vettvangi Alþingis. Leitast verður svara við ýmsum spurningum, svo sem, hvers vegna leið svona langur tími á milli þingsetu kvennanna? Hvað hafði breyst á þessum tæpa aldarfjórðungi sem leið á milli þingsetu þeirra? Hvað hafði ekki breyst? Hvaða líkindi voru með þeim og málefnum sem þær börðust fyrir? Hvað var ólíkt? Hvaða þýðingu hafði það fyrir kvenréttindabaráttu á Íslandi að fá Katrínu og síðan Svövu inn á þing? Þó allnokkuð hafi verið skrifað um Katrínu í greinum og bókum er þó ekki til eitt heilstætt rit tileiknað henni. Svipaða sögu er að segja um Svövu Jakobsdóttur, en flest það sem hefur verið skrifað um hana fellur undir bókmenntafræði. Fáar heimildir er að finna um stjórn málaferil hennar.

Í tilfelli Katrínar mun rannsóknin byggjast á ýmsum ritum þar sem nafn og saga Katrínar kemur fyrir, ritum og greinum eftir hana sjálfa sem og umfjöllun og viðtölum úr tímaritum og dagblöðum eins og *Þjóðviljanum*, *Melkorku* o. fl. Einnig verður stuðst við *Alþingistíðindi* og Alþingisvefinn varðandi frumvörp, þingsályktunartillögur og þingræður.

---

<sup>6</sup> Hér eftir verður einungis notast við heitið „Sósíalístaflokkurinn“.

<sup>7</sup> Hér eftir verður notast við skammstöfunina KRFÍ þegar fjallað er um Kvenréttindafélg Íslands.

<sup>8</sup> Sigurður Thoroddsen, *Eins og gengur*, bls. 193.

<sup>9</sup> Vef. „Konur á Alþingi“ → [www.althingi.is](http://www.althingi.is)

Rannsóknarferlið fyrir Svövu er svipað, en þar er úr aðeins minna efni að vinna. Bókin *Kona með spegil*, ritstýrt verk sem tekur saman greinar og viðtöl við Svövu, verður í forgrunni heimilda, ásamt greinum og verkum eftir Svövu sjálfa, sem og stuttar greinar, umfjöllun og viðtöl við Svövu í tímaritum og dagblöðum. Ritverk Svövu verða einnig til skoðunar en þá aðallega til þess að skoða samhengi þeirra við kvenréttindabaráttu á Íslandi. Ekki verður reynt að fara í djúpa bókmenntafræðilega greiningu á þeim.

Á meðal annarra rita sem verða notuð og tengjast baksviði ritgerðarinnar og fræðilegu samhengi hennar eru *Women in the House* eftir Elizabeth Vallance, greinin „Women in a Men’s House“ eftir Brian Harrison, *Veröld sem var* eftir Sigríði Th. Erlendsdóttur, greinin „Nýr söguþráður“ eftir Ragnheiði Kristjánsdóttur og M.A.-ritgerð Rakelar Adolphsdóttur, Nýjar konur.

Ritgerðin skiptist í fimm kafla. Í fyrsta kaflanum verður farið yfir fræðilegt samhengi ritgerðarefnisins og sambærilegar erlendar rannsóknir skoðaðar og settar í samhengi við viðfangsefnið, þá aðallega rannsóknir á þátttöku kvenna í stjórnámálum sem og upplifun þeirra og velgengni á því sviði. Í öðrum kafla ritgerðinnar verður sögusviðið sett og gerð grein fyrir bakgrunni rannsóknarinnar. Fjallað verður um kvenréttindabaráttu á Íslandi um og eftir aldamótin og fram eftir 20. öldinni í samhengi við vinstri flokka landsins, stefnu þeirra í kvenréttindamálum og framkvæmd þeirrar stefnu á Alþingi.

Í þriðja og fjórða kafla ritgerðinnar verður fjallað um ævi og störf Katrínar og Svövu. Umhverfið sem þær ólust upp í verður skoðað, æska þeirra og menntun, sem og fyrstu skref þeirra á stjórnmalasviðinu. Sagt verður frá þingstörfum þeirra og þau greind, hvers konar málefnum þær börðust fyrir og hvernig þeim var tekið af flokksbræðrum, öðrum stjórnmalamönnum og íslensku samfélagi. Í fimmta kaflanum verður svo gerður samanburður á konunum tveimur. Málefnið sem þær börðust fyrir verða borin saman sem og móttökurnar sem þau fengu. Einnig verður athugað lauslega hvernig kvenréttindamálum var háttað á Alþingi frá árinu 1949 til ársins 1971, þ. e. á þeim árum sem vinstrið hafði engan kvenfulltrúa á þingi. Í niðurstöðukaflanum verður svo reynt að svara þeim spurningum sem varpað var fram hér að ofan.

# 1. Erlendar rannsóknir og sögulegur bakgrunnur

## 1.1 Kjörgengi kvenna

Á millistríðsárunum varð kosningaréttur kvenna að raunveruleika í mörgum Evrópulöndum þó einstaka lönd, þ. e. Finnland, Danmörk, Noregur og Ísland, hafi veitt konum þann rétt fyrir fyrra stríð eða á meðan því stóð. Þónokkur lönd veittu konum ekki kosningarétt fyrir en undir lok seinna stríðs og einhver mun síðar en það. Kjörgengi fylgdi kosningaréttinum í nánast öllum tilvikum, en þrátt fyrir lögbundið kjörgengi fór seta kvenna á þingi hægt af stað. Í Bretlandi, þar sem súffragettur höfðu staðið í ströngu í baráttunni um kosningarétt og kjörgengi kvenna fór engin kona inn á þing í fyrstu kosningunum eftir að kjörgengið var lögbundið, heldur í aukakosningum ári seinna, og var hún aðeins ein.<sup>10</sup> Samanborið við Ísland má þó telja þetta sem ákveðið afrek þar sem fyrsta konan tók ekki sæti á þingi á hér á landi fyrir en árið 1922, sjö árum eftir að konur öðluðust kjörgengi.<sup>11</sup> Þessu fylgdu þó undantekningar, t.a.m. í Finnlandi þar sem konur fengu kosningarétt og kjörgengi árið 1906, fyrstar allra evrópskra kvenna, en ári síðar voru 19 konur kosnar inn á finnska þingið og skipuðu þar 9,5% af þingsætunum.<sup>12</sup>

Sagnfræðingar hafa lengi velt því fyrir sér hvers vegna þingseta kvenna hafi farið svo hægt af stað en töluvert hefur verið fjallað um kjörgengi kvenna í Bretlandi, að miklu leyti vegna stærðar súffragettuhreyfingarinnar, og því verður aðallega litið þangað í þessum kafla.<sup>13</sup> Voru það viðhorf annarra þingmanna og almennings til þátttöku kvenna í stjórnámum sem ollu því að konur voru sjaldnar settar í örugg sæti á framboðslistum flokka, fengu færri atkvæði og voru almennt ekki álitnar traustir fulltrúar á þingi? Viðhorf fólks hefur vissulega haft mikið að segja, bæði varðandi hvatningu kvenna til að bjóða sig fram sem og vilja annarra til þess að kjósa konur, en samfélagsumræðan á þessum tíma var enn á þeim nótunum að hlutverk kvenna væri innan veggja heimilins og að samstarf kynjanna væri ekki fýsilegt í umhverfi stjórnmála. Neikvæð viðhorf gagnvart áhuga kvenna til þátttöku í stjórnmálum mátti finna víða í samfélagsumræðunni sem og ummælum frá stjórnmálamönnum. Viðhorfin voru sum mjög afdráttarlaus í framsetningu, eins og hjá þeim sem töldu konur hreinlega ekki búa yfir nauðsynlegum hæfileikum fyrir stjórnmálaþátttöku, á meðan aðrir fóru finna í hlutina, t. d. með því að velta fram tilgátum um það hvort kynin gætu starfað saman í svo átakamiklu umhverfi

<sup>10</sup> Vallance, *Women in the House*, bls. 23-25.

<sup>11</sup> Vef. Konur og stjórnmál → [www.konurogstjornmal.is](http://www.konurogstjornmal.is)

<sup>12</sup> Vallance, *Women in the House*, bls. 23.

<sup>13</sup> Kosningaréttur og kjörgengi kvenna hefur einnig verið rannsakað á Norðurlöndunum t. a. m. í greininni „Fær og efter stemmeretten: Køn, demokrati og velfærd“ eftir Anette Borchorst og Drude Dahlerup og í bókinni *Norsk likestillingshistorie, 1814-2013* eftir Hilde Danielsen.



og hvort kvenkynið hentaði almennt í þá ábyrgðarmiklu ákvarðanatöku sem átti sér stað innan veggja þingsins.<sup>14</sup>

Árið 1920 var stofnuð nefnd í Bretlandi sem átti að efla kvenkyns frambjóðendur til þings. Nefndin starfaði utan flokka og var stofnuð af kvenréttindakonum þar í landi sem þótti ljóst að taka þyrfti til hendinni ef kjörgengi kvenna ætti að breyta einhverju í breskum stjórnámálum. Þær rákust hins vegar fljótt á vegg og nefndin flosnaði upp þegar ákveðin valþröng gerði vart við sig meðal þeirra varðandi hverja skyldi styðja til framboðs og á hvaða máta. Átti að styðja alla frambjóðendur utan flokka eða ættu femínistarnir sjálfir að ganga til liðs við flokkamaskínurnar? Áttu femínistarnir að styðja alla kvenframbjóðendur eða aðeins þær sem voru yfirlýstir femínistar?<sup>15</sup> Valþröng nefndarinnar og femínista almennt lá í spurningunni um hvort væri mikilvægara að fá konur inn á þing eða að fá „réttu“ konurnar inn á þing. Frá árinu 1918 til ársins 1929 voru samtals 194 konur á framboðslistum í Bretlandi en aðeins 29 þeirra tóku sæti á þingi, eða rétt tæp 15%.<sup>16</sup> Hlutfall kvenkyns kjósenda jókst á sama tíma en árið 1929, með nýlegri 63% aukningu kvenna á kjörskrá, voru konur í meirihluta breskra kjósenda eða um 52%. Þrátt fyrir aukna kosningaþátttöku kvenna fengu konur í framboði um fimmtingi færri atkvæði samanborið við karla á þriðja og fjórða áratugnum.<sup>17</sup>

## 1.2 Konur sem þingmenn

Þær konur sem tóku sæti á þingi höfðu hver og ein sína sögu að segja en áttu þó margt sameiginlegt. Konur sem gerðu tilraun til þátttöku í stjórnámálum þurftu allar að berjast gegn þeirri útbreiddu og þrautseigu trú samfélagsins að hið opinbera væri „karlasvið“ og að fjölskyldulífið væri „kvennasvið“, og því var algengara að kvenframbjóðendur kæmu úr fjölskyldum sem voru nú þegar áberandi á hinum opinbera vettvangi.<sup>18</sup> Þetta leiddi til þess að það voru fáir grasrótarfemínistar sem komust inn á þing, bæði í Bretlandi og annars staðar, og þ.a.l. voru það sjaldan þær konur sem höfðu barist hvað mest fyrir kosningarétti og kjörgengi kvenna sem fylgdu málefnum alla leið inn á þing. Fyrstu áratuginu eftir 1918 voru það aðallega konur úr breska Íhaldsflokknum sem komust inn á þing þar í landi þrátt fyrir að konur úr vinstri flokkum væru fúsari til að bjóða sig fram. Misræmið fólst í því að konur innan vinstri flokka voru frekar settar í sæti sem gáfu litla sem enga möguleika á að komast inn á þing<sup>19</sup>, þrátt fyrir

---

<sup>14</sup> Harrison, „Women in a Men’s House“, bls. 623.

<sup>15</sup> Harrison, „Women in a Men’s House“, bls. 625.

<sup>16</sup> Vallance, *Women in the House*, bls. 185.

<sup>17</sup> Rasmussen, „The Political Integration of British Women“, bls. 66-67.

<sup>18</sup> Harrison, „Women in a Men’s House“, bls. 625.

<sup>19</sup> Harrison, „Women in a Men’s House“, bls. 625.

að starfa innan flokka sem beittu sér almennt fyrir jafnrétti kynjanna á sviði launa, réttar til vinnu o.fl.<sup>20</sup> Brian Harrison fjallar um það í rannsókn sinni á veru kvenna á breska þinginu að konur hafi átt auðveldara með að taka sæti á þingi ef þær voru kynntar sem fulltrúar karlmanns, staða sem þeim var oft eignuð í gegnum eiginmenn sína. „Karlildi“ (e. *male equivialence*) gat reynst íhaldskonum einstaklega vel þar sem þær þurftu að gæta sín vel á því að ganga ekki gegn rótgrónum siðum og skoðunum dyggra stuðningsmanna flokksins.<sup>21</sup>

Harrison segir að í greiningu sinni á starfi þingkvenna fyrir 1945 hafi hann aðeins fundið „tiltölulega tempraðan femínisma“, sem hann eignar skiptingu sem ríkti meðal breskra femínista á millistríðsárunum.<sup>22</sup> Þingkonur voru margar hverjar tregar við að samsama sig femínískri baráttu m.a. til þess að verja sína persónulegu ímynd sem stjórnámamenn frekar en að bjóða fram einhvers konar fyrirmynd fyrir breiðari femíníska hreyfingu.<sup>23</sup> Í sjálfsævisögum fyrrverandi þingkvenna má greina orðræðu sem bendir til að þær hafi verið undir mikilli pressu kyns síns vegna sem efldist aðeins í ljósi þess hve fáar þær voru. Margar þeirra lýsa því hvernig þær reyndu að streitast á móti þeim takmörkunum sem þeim þótti þvingað upp á sig, meðal annars frá öðrum konum sem veittu þeim sitt atkvæði og voru því margar í þeirri trú að þingkonurnar væru þeim skuldbundnar vegna þess. Þannig segir Margaret Thatcher frá því í æviminningum sínum að þegar hún var skipuð í skuggaráðuneyti Edwards Heath á áttunda áratugnum, aðeins nokkrum árum áður en hún varð forsætisráðherra Bretlands, hafi henni enn liðið eins og hennar eina hlutverk væri að túlka og útskýra vilja kvenna þjóðarinnar í erfiðum málum. Þrátt fyrir að hafa náð svo langt fannst henni samstarfsfélagar hennar enn ekki sjá hana sem jafningja.

Þingkonur voru flokkaðar saman sem ein einsleit heild og þeim eignuð þau mál sem þóttu konum viðeigandi. Harrison heldur því fram að þetta aðskilda „huglæga svið“ þingkvenna hafi verið þeirra eigin smíð en ekki framkvæmd karlkyns samstarfsfélaga þeirra og að það sjáist í ræðum þingkvennanna sjálfra. Þar megi m.a. greina orðræðu þar sem þær tilnefna einhver svið stjórnmála sem „karllægari“ en önnur, og fjarlægja sig þannig því sviði. Harrison segir að þetta „huglæga svið“ kvennanna hafi verið bæði valdeflandi og takmarkandi.<sup>24</sup> Kyn gat verið öflugt tól til að opna á umræðuefni sem yfirsáust oft<sup>25</sup>, og svo virðist vera að það hafi reynst þingkonum mun auðveldara að ná athygli forseta

---

<sup>20</sup> Grossmann, „Introduction“, bls. 50.

<sup>21</sup> Harrison, „Women in a Men’s House“, bls. 626.

<sup>22</sup> Harrison, „Women in a Men’s House“, bls. 643.

<sup>23</sup> Cowman, „The Political Autobiographies of Early Women MPs“, bls. 212.

<sup>24</sup> Harrison, „Women in a Men’s House“, bls. 636.

<sup>25</sup> Cowman, „The Political Autobiographies of Early Women MPs“, bls. 215.

þingdeildarinnar ef umræðan var um félagsmál eða menntun, frekar en ef hún var um efnahags- eða hernaðarmál.<sup>26</sup> Irma Sulkunen hefur rannsakað ævisögur finnskra þingkvenna og segir þaðan svipaða sögu af aðskildum vettvangi kynjanna í þingstörfum. Allt frá upphafi fullra borgaralegra réttinda finnskra kvenna, sem þær öðluðust árið 1906, var rétturinn kynjaður og það kom m.a. fram í skiptingu þingstarfa í karla- og kvennasvið. Kvennasviðið náði yfir fjölskyldulíf, húsnæði, menntun og félagsmálastefnu á meðan karlasviðið náði til efnahags- og utanríkisstefnu. Þessi kynjaða afmörkun var studd og réttlætt af fyrstu finnsku þingkonunum, líkt og Harrison segir bresku þingkonurnar hafa haldið við kynjuðu sviðskiptingunni innan þingsins.<sup>27</sup>

Þrátt fyrir ofangreindan trega þingkvenna við að samsama sig femínistum og kvenréttindabaráttu virðast þær almennt hafa verið meðvitaðar um mikilvægi baráttunnar sem kom þeim inn á þing.<sup>28</sup> Þær viðurkenndu einnig virði stuðnings annarra kvenna inni á þingi sem flæddi yfir flokksmörk og sameinaði þær í þeim skilningi að þær væru allar, burtséð frá flokki sínum, að berjast við þá útbreiddu skoðun að konur væru ekki megnugar um erfiðar stjórn málaákvæðanir. Kyn átti einnig stóran hlut í því hvaða málefnum konur börðust fyrir, en oftast en ekki voru það mál á borð við velferð, menntun, heilbrigðiskerfið o.fl. Kyn var þó ekki eini drifkraftur kvenna í þessum málefnum, heldur hafa sjálfsævisögur fyrrverandi þingkvenna sýnt fram á að persónuleg reynsla, stétt og flokkshollusta áttu oft jafn stóran hlut að máli, þótt það geti verið flókið að aðgreina slíkt frá kynjaðri hvatningu.<sup>29</sup>

### 1.3 Kommúnistar, sósíalistar og konur

Eftir rússnesku byltinguna 1917 risu upp gamlir og nýir sósíaldemókrata- og kommúnistaflokkar í Evrópu. Flokkarnir gerðu tilkall til mótunar nútímalegra og framsækinnar velferðarríkja og voru stefnuskrár þeirra mettaðar af hugsjónum um „nýtt“ samfélag. Miðlægt í lofsöngnum yfir þessum nýstárleika var loforð um jafnrétti kynjanna. Útópísk hollusta flokkanna við alhliða velferðarríki og umbætur á lífnaðarháttum og vinnuaðstæðum verkalýðsins jók á sama tíma eftirtekt á mismun kynjanna og þá sérstaklega hlutverki kvenna sem mæður og umsjónaraðilar fjölskyldunnar.<sup>30</sup> Kvenréttindabaráttan kommúnista byggðist á hugmyndafræði marxismans, og samkvæmt henni var eina leiðin til fulls kynjajafnréttis niðurrif kapitalismans. Þegar kapitalisminn væri afnuminn fyrir fullt og allt yrði leiðin að

<sup>26</sup> Cowman, „The Political Autobiographies of Early Women MPs“, bls. 212.

<sup>27</sup> Sulkunen, „Biography, Gender and the Deconstruction of a National Canon“, bls. 66-67.

<sup>28</sup> Cowman, „The Political Autobiographies of Early Women MPs“, bls. 208.

<sup>29</sup> Cowman, „The Political Autobiographies of Early Women MPs“, bls. 211-212.

<sup>30</sup> Grossmann, „Introduction“, bls. 47.

kynjajafnrétti, og alhliða jafnréttis meðal allra manna, greið. Í raun yrði ekki þörf fyrir kvenréttindahreyfingar þar sem allir kommúnistar, óháð kyni, stæðu jafnfætis í ríki kommúnismans.<sup>31</sup> Kvenréttindi voru því ekki meðal forgangsmála kommúnista þótt svo hefði mátt virðast, heldur voru þau fylgihlutur stærri og mikilvægari baráttu, stéttabaráttunnar. Mörgum kommúnistaflokkum tókst þannig fyrst um sinn að skauta yfir frekari áherslu á kvenréttindabaráttu með því að færa hana inn í víðara samhengi marxískrar baráttu og samsama hana baráttu verkalýðsins gagnvart kúgun kapitalismans.

Kommúnistar, og sósíalistar, börðust þess vegna í raun við óleysanlegt torræði í tilraunum sínum til að draga konur að flokksstarfinu með því að ávarpa þeirra sérþarfir og hagsmuni sem mæður, ráðskonur og ungar verkakonur, en staðhæfa á sama tíma forgang hinnar almennu stéttabaráttu fram yfir kvenréttindabaráttu.<sup>32</sup> Kommúnista- og sósíaldemókrataflokkar lýstu yfir kröfum um jöfn laun fyrir sömu vinnu og rétt kvenna til atvinnu í stefnuskrám sínum og í kosningabaráttum, en óttuðust á sama tíma samkeppni kynjanna á vinnumarkaði, sérstaklega á tímum atvinnuleysis. Þegar kosninganiðurstöður lágu fyrir ríkti óánægja með dræma kosningaþátttöku kvenna þar sem kommúnistum fannst þeir eiga betra skilið frá þessum konum sem þeir töldu sig vera að styðja til jafnréttis við karla.<sup>33</sup> Vilji vinstri flokkanna til kvenréttindabaráttu náði því grunnt og vó ekki jafn þungt og önnur baráttumál.

---

<sup>31</sup> Skafti Ingimarsson, Íslenskir kommúnistar, bls. 175.

<sup>32</sup> Grossmann, „Introduction“, bls. 48.

<sup>33</sup> Grossmann, „Introduction“, bls. 50-51.

## 2. Konur í íslenskri pólitík

### 2.1 Staðan á Alþingi eftir 1915

Þegar Alþingi var sett þann 7. júlí árið 1915 hafði tekið gildi breyting á stjórnarskrá sem var samþykkt af Danakonungi þann 19. júní sama ár. Með henni fengu konur 40 ára og eldri kosningarétt og kjörgengi til Alþingis, eins og áður sagði, og því var mikill viðbúnaður þegar þingið var sett. Konur á öllum aldri fylktu liði að Austurvelli, berandi íslenska fánann sem einnig var löggiltur með stjórnarskrárbreytingunni, og inn á Alþingi gekk fimm kvenna nefnd í þakkarskyni fyrir nýju réttindin. Nefndina skipuðu meðal annars Bríet Bjarnhéðinsdóttir, sem átti eftir að gefa kost á sér til Alþingis næsta ár fyrst íslenskra kvenna, og Ingibjörg H. Bjarnason, sem síðar varð fyrsti fulltrúi kvenna á Alþingi, árið 1922.<sup>34</sup>

Á sama tíma og konur fögnuðu nýfengnum rétti til kosninga og kjörgengis var stéttapólitík að ryðja sér til rúms í íslenskum stjórnámálum, og var það hún sem virtist sameina kjósendur í flokka, á meðan kynferði frambjóðenda mætti afgangi.<sup>35</sup> Sama ár og Bríet bauð sig fram til alþingiskosninga bættust tveir nýir flokkar við pólitískt landslag Íslands, Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn.<sup>36</sup> Framsóknarflokkurinn var stofnaður með það að markmiði að vera óháður eldri flokkum landsins. Flokkurinn var að miklu leyti flokkur bændastéttarinnar og lagði áherslu á bætt skilyrði í landbúnaði, umbótum í sjávarútvegsmálum o.fl.<sup>37</sup> Alþýðuflokkurinn var stjórn málaarmur Alþýðusambands Íslands, sem einnig var stofnað árið 1916, og átti að vera flokkur verkalýðsins. Alþýðuflokkurinn hafði það að markmiði að koma á fót á Íslandi sósíalisma sem væri snérsniðin að íslenskum aðstæðum. Fyrsta stefnuskrá flokksins var því ólík stefnuskrám margra bræðraflokka hans, og ekki eins marxísk í grunninn og ætla hefði af flokki verkalýðsins.<sup>38</sup>

Flokkapólitík landsins tók því miklum stakkaskiptum um svipað leyti og konur fengu réttinn til kosninga og kjörgengis, og má velta því fyrir sér hvaða áhrif það hafði á tækifæri kvenna til stjórnmalapátttöku. Eflaust má geta sér til um að breytingar á pólitísku landslagi með fjölgun flokka og aukinni áherslu á stéttapólitík hafi gert það að verkum að stjórnmalapátttaka kvenna hafi orðið undir í umræðunni. Eins og nefnt var í inngangi liðu sjö ár frá því að kjörgengi kvenna var bundið í stjórnarskrá þar til fyrsta konan tók sæti á Alþingi. Þar sem Bríet komst ekki inn á þing í landskjöri 1916, og engin kona var á lista í

<sup>34</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 136.

<sup>35</sup> Auður Styrkárssdóttir, *Kvennaframboðin 1908-1926*, bls. 45.

<sup>36</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 138.

<sup>37</sup> Þorsteinn M. Jónsson, *Stofnsaga Framsóknarflokksins*, bls. 45-46.

<sup>38</sup> Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, bls. 90-91.

Alþingskosningum 1919, fengu konur ekki aftur tækifæri á sæti á þingi fyrr en í landskjöri 1922 þegar Kvinnalistinn eldri bauð fyrst fram. Kvinnalistinn samanstóð af fjórum konum og hvatningin að baki stofnun hans var m.a. sú að konum þótti verulega brýnt að koma byggingu Landspítalans af stað, en lítill vilji virtist til þess hjá þingmönnum. Einnig þótti mörgum mikilvægt að koma konum að í þessum alþingiskosningum þar sem engin kona var eftir í bæjarstjórn Reykjavíkur það árið eftir 14 ára samfellda setu kvenna þar. Kvinnalistinn hlaut 22,4% atkvæða og sú sem var í efsta sæti listans, Ingibjörg H. Bjarnason, komst inn á þing.<sup>39</sup> Að því sögðu var baráttan þó enn komin skammt á veg, þrátt fyrir að þarna hafi vissulega átt sér stað ákveðin tímamót. Þannig tók ekki önnur kona sæti á þingi fyrr en átta árum seinna, sama ár og Ingibjörg vék úr sínu sæti. Guðrún Lárusdóttir var kosin á þing í landskjöri árið 1930 og varð síðar fyrst kvenna til að verða kjörin í almennum kosningum árið 1934, þ.e. ekki í landskjöri. Guðrún átti svo eftir að sitja ein kvenna á þingi til ársins 1938, þegar hún lést. Engin kona sat á þingi á árunum 1938–1946.<sup>40</sup>

Sagt hefur verið að kvenréttindahreyfingin og baráttan fyrir kosningarétti hafi mætt lítilli andstöðu hér á landi samanborið við t.a.m. í Þýskalandi og Bretlandi,<sup>41</sup> en Bríet Bjarnhéðinsdóttir ritaði í Kvinnablaðið árið 1909 að raunveruleiki íslenskra kvenna í réttindabaráttu væri allt annar en hjá bresku súffragettunum þar sem hér væri „engin opinber mótstaða“ og að „margir af beztu mönnum“ væru hlyntir baráttunni. Nokkru síðar sagði Bríet einnig að helsta hindrunin fyrir þátttöku kvenna í íslenskrari pólitík hafi verið „deyfð kvenþjóðarinnar sjálfrar“, og að kvenréttindabaráttan hafi átt sér „stuðningsmenn í öllum flokkum þingsins.“<sup>42</sup> Það er þó erfitt að segja til um það hvort sökin fyrir hægfara þróun stjórnmalapáttöku kvenna liggi hjá konunum sem kusu eða hjá konunum sem komu að framboðunum, og vilja þeirra og getu til að hvetja til kosninga kvenna.

## 2.2 Málefni kvenna á þingi

Kosninganefnd kvenna, sem stofnuð var árið 1922 fyrir tilstilli Bandalags kvenna, sendi það ár frá sér áskorun til íslenskra kvenkjósenda. Áskorunin útlistaði þau mál sem voru efst á baugi innan kvannahreyfingarinnar og lagði áherslu á mikilvægi þess að konur yrðu kosnar til Alþingis til að koma þessum málum áfram. Málin sem þær lögðu áherslu á voru í fyrsta lagi Landspítalamálið sem ýmsum kvenfélögum var mjög í mun að koma því áfram hratt og

---

<sup>39</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 140.

<sup>40</sup> *Vef. „Konur á Alþingi“* → [www.althingi.is](http://www.althingi.is)

<sup>41</sup> Auður Styrkárssdóttir, *Kvinnaframboðin 1908-1926*, bls. 11.

<sup>42</sup> Auður Styrkárssdóttir, *Kvinnaframboðin 1908-1926*, bls. 41.

örugglega en þegar þarna var komið sögu hafði málið enn ekki eignast talsmann á þingi. Önnur mál voru hin svokölluðu „social mál“, eins og þau eru kölluð á plagginu, þ.e.a.s. velferðarmál á borð við „fátækralöggjöf, eftirlit með umkomulausum börnum og gamalmennum, öll siðbætandi mál og fleira.“ Samkvæmt áskoruninni biðu slík málefni kvenkyns talsmanna á þingi þar sem konur hefðu glegggra auga fyrir málum sem þessum og þekkingu og reynslu sem karlmenn skorti. Áskorunin hélt því þó til haga að þótt þessi sértæku málefni vantaði kvenkyns fulltrúa til að beina þeim áfram þá væru þetta ekki einu „áhugamál“ kvenna, heldur ættu öll mál þjóðarinnar að taka jafnt til kvenna sem karla. „Vér konur erum fullur helmingur landsmanna“, segja þær og bæta við, „[v]ér erum fullur helmingur kjósenda.“<sup>43</sup>

En hvaða málefni voru svo í forgrunni hjá konum þegar þær komust inn á þing? Frá árinu 1922 til ársins 1979, þegar Svava Jakobsdóttir vék af þingi, sátu alls tíu konur á þingi. Þegar litið er lauslega yfir þingferil þessara kvenna má glögglega sjá að velferðarmálin voru efst á baugi, þótt þær hafi haft puttana í ýmsu öðru.<sup>44</sup> Flokkskipan virðist litlu máli hafa skipt varðandi þau málefni sem þingkonurnar tóku fyrir og eflaust réði kynferði þeirra frekar förlinn fyrst um sinn, þar sem „kvennamál“ tóku mestan hluta dagskrár þeirra. Velferðarmál á borð við fátækralöggjöf, málefni aldraðra, lífeyrismál, barnavernd, heilbrigðisþjónusta, almannatryggingar o.fl. komu á einhvern hátt fram hjá öllum tíu þingkonunum, hvort sem það var í formi frumvarps, ræðu, tillögu eða annarra þingskjala. Menntamál vógu einnig þungt hjá einhverjum kvennanna sem og jafnréttismál á borð við launajafnrétti, fóstureyðingalöggjöf, dagvistun barna og samsköttun hjóna.<sup>45</sup> „Kvennamálin“ svokölluðu voru því í forgrunni hjá brautryðjendum í stjórnmalabátttöku íslenskra kvenna. Eins og sagt var frá í fyrsta kafla þessarar ritgerðar voru þau málefni sem kvenréttindahreyfingar og kvenfélög börðust allajafna fyrir oft tileinkuð konum hvort sem þeim líkaði betur eða verr. Konur virtust einnig eiga auðveldara með að fanga athygli þingsins þegar þær tóku fyrir þessi kvennamál og hafa því jafnvel haldið þeim frekar til streitu til þess að tynast ekki meðal karlkyns starfsfélaga sinna.

Þegar leið á 20. öldina mátti þó sjá einhverjar breytingar á þingferlum stjórnmalakvenna. Þær tóku fleiri mál fyrir, höfðu fjölbreyttari ferla að baki og sátu allajafna lengur á þingi. Dæmi um þetta er Rannveig Þorsteinsdóttir sem fór inn á þing fyrir Framsóknarflokkinn árið 1949 og sat eitt kjörtímabil. Þrátt fyrir stutta setu tók hún fjölmörg mál fyrir á einn hátt eða annan og hjá henni má greinilega sjá aukna þátttöku í efnahagstengdum

---

<sup>43</sup> Bessí Jóhannsdóttir, „Ingibjörg H. Bjarnason alþingismaður“, bls. 56-57.

<sup>44</sup> Þingferla þessa kvenna má skoða á vefsíðu Alþingis.

<sup>45</sup> Samsköttun tekna hjá hjónum kom giftum konum oftar en ekki illa þar sem þær voru töluvert launalægri en karlarnir og borguðu þannig hlutfallslega hærrí skatt af sínum launum.

málum miðað við kynsystur hennar sem á undan komu.<sup>46</sup> Því var einhver þróun að eiga sér stað, þó hægfara hafi verið.

### 2.2.1 Áherslur kvenna í réttindabaráttunni

Katrín Thoroddsen var kjörin á þing árið 1946, fyrst kvenna úr vinstri flokki eins og nefnt hefur verið. Á þeim tíma voru einna helst þrjú mál efst á baugi hjá KRFÍ og í raun allra kvenna er tóku þátt í og studdu kvenréttindabaráttuna, en það voru launa-, skatta- og tryggingamál. Umbætur á launamálum kvenna, þ.e. krafan um hærri laun og jöfn laun fyrir jafn verðmæta vinnu karla og kvenna, hafði verið eitt helsta baráttumál KRFÍ frá stofnun félagsins í upphafi aldarinnar.<sup>47</sup> Verkakvennafélög höfðu einnig staðið í baráttunni um betri kjör frá stofnun fyrsta verkakvennafélagsins, Framsóknar, árið 1914 en baráttan gekk hægt. KRFÍ og verkakvennafélögin unnu allajafna saman í launabaráttunni og um miðjan fimmta áratuginn sendi KRFÍ tillögu til Alþingis þar sem félagið hvatti til skipunar nefndar sem skyldi semja frumvarp til laga um jafnrétti kynjanna í launa- og atvinnumálum.<sup>48</sup> Skattamál urðu einnig eitt af höfuðviðfangsefnum réttindabaráttu KRFÍ um það leyti er Katrín var kjörin á þing en félagið barðist fyrir leiðréttingu á því misrétti sem fólst í samsköttun hjóna. Katrín átti svo eftir að leggja fram frumvarp þess efnis haustið 1946.<sup>49</sup> Með aukinni vitundarvakningu á samfélagslegri stöðu sinni fjölgaði kröfum kvenna um aukin réttindi. Tryggingarmál voru einnig ofarlega á baugi KRFÍ þar sem þær börðust fyrir réttindum eins og fæðingarstyrk, barneignarfríi, barnalífeyri fyrir börn sem ekki áttu vinnufæran föður og traustari meðlögum fyrir einstæðar mæður.<sup>50</sup>

Þegar Svava Jakobsdóttir var kjörin á þing árið 1971, aldarfjórðungi á eftir Katrínu Thoroddsen, höfðu áherslur kvenréttindabaráttunnar í raun lítið breyst. Rauðsokkahreyfingin var formlega stofnuð hér á landi árið 1970 og fyrst um sinn var aðalmarkmið hreyfingarinnar að „vekja konur til vitundar um stöðu sína í þjóðfélaginu, réttindi sín og skyldur og tækifæri til að uppfylla þau.“ Undirstöðuatriði baráttunnar voru efnahagslegt sjálfstæði kvenna og lagaleg réttindi, en þegar þarna var komið sögu var launajafnrétti enn ekki í höfn og lagaleg réttindi þýddu ekki endilega að þau réttindi væru virt í framkvæmd.<sup>51</sup> Svava var í hávegum höfð innan hreyfingarinnar strax frá byrjun enda var mikill samhljómur með smásögum hennar og

<sup>46</sup> Vef. „Rannveig Þorsteinsdóttir“ → [www.althingi.is](http://www.althingi.is)

<sup>47</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 245-246.

<sup>48</sup> Sumarliði R. Ísleifsson, *Saga Alþýðusambands Íslands I*, bls. 89-91 og 294-295.

<sup>49</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 257.

<sup>50</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 262-265.

<sup>51</sup> Björg Einarisdóttir, „Frá lögum til reyndar“, bls. 354.



leikritum og lífi hinnar almennu konu á sjöunda og áttunda áratugnum. Þegar Svava var svo kjörin á þing ári eftir stofnun Rauðsokkahreyfingarinnar fór hún strax að berjast og tala fyrir málum sem hreyfingin lagði áherslu á, líkt og launajafnrétti, dagvistunarmál og rýmri fóstureyðingalöggjöf.<sup>52</sup> Öll þessi málefni voru tengd aðalmarkmið hreyfingarinnar, að gera konur að sjálfstæðari þegnum innan samfélagsins.

### **2.3 Kvenréttindi í stefnuskrám Alþýðuflokksins, Kommúnistaflokksins og Sósíalistaflokksins**

Fyrsta stefnuskrá Alþýðuflokksins var gefin út 26. maí árið 1917. Flokkurinn var stofnaður af fulltrúum verkalýðsfélaga og var tilgangur hans í grunninn að vinna gegn frekari misskiptingu auðs í landinu og koma á almennri velmegun. Á forsiðu stefnuskrárinnar stóð að kvenfólkið þyrfti engu síður en karlmennirnir að lesa þennan bækling, og gaf flokkurinn þannig strax til kynna að kvenréttindi skyldu eiga sess í stefnu hans. Á fyrstu blaðsíðunum eru tilvonandi flokksmenn jafnframt ávarpaðir sem „alþýðumenn“ og „alþýðukonur.“ Þegar rennt er yfir stefnuskrána í heild sinni er hins vegar hvergi snert á nokkru sem snýr að réttindabaráttu kvenna.<sup>53</sup> Alþýðukonunum var að því er virtist ætlað að samsama sig alþýðukörlunum í réttindabaráttu verkalýðsins.

Líkt og hjá kommúnistaflokkum erlendis sem aðhylltust marxíska hugmyndafræði skilgreindi íslenski kommúnistaflokkurinn kvenréttindabaráttu sem stéttabaráttu. Réttindabaráttu kvenna, líkt og baráttu kommúnískra karla, var í grunninn beint að rótgrónni stéttaskiptingu samfélagsins sem bæri að uppræta með heimsbyltingu. Líkt og öllu öðru starfi Kommúnistaflokksins var réttindabaráttunni fyrst og fremst beint að verkakönnum og réttindum þeirra frekar en almennum réttindum allra kvenna.<sup>54</sup>

Í fyrstu stefnuskrá Sósíalistaflokksins frá árinu 1938 segir að flokkurinn muni berjast fyrir „jöfnuði og bræðralagi allra manna, einstaklinga og þjóða, án tillits til kyns, þjóðernis eða kynflokka.“ Þessa baráttu muni hann þó heyja á grundvelli stéttabaráttunnar, en rétt eins og aðrir sósíalískir flokkar er á undan fóru var flokkurinn í grunninn verkalýðsflokkur. Þegar kveðið er á um rétt til menntunar, mannsæmandi launa, hvíldar og annarra réttinda í stefnuskrá flokksins er ávallt talað um „hinn vinnandi mann“ sem eigi að njóta þeirra réttinda.<sup>55</sup> Það er líkt með Sósíalistaflokknum og fyrri vinstri flokkum að hann forðast nær algjörlega að ávarpa

<sup>52</sup> Björg Einarsdóttir, „Frá lögum til reyndar“, bls. 359-360.

<sup>53</sup> „Alþýðuflokkurinn“, 1. bæklingur Alþýðusambands Íslands, 1917.

<sup>54</sup> Skafti Ingimarsson, Íslenskir kommúnistar, bls. 176.

<sup>55</sup> *Stofnun Sameiningarflokks alþýðu – Sósíalistaflokksins*, bls. 5-13.

kvenréttindamál með því að setja konur einfaldlega í sama flokk og „alþýðan“ eða „hinir vinnandi menn“, með sömu þarfir og baráttumál og sem þyrfti að frelsa undan ánauð kapitalísks samfélags.

### 3. Katrín Thoroddsen

Konur góðar, finnst ykkur ekki tími til kominn, að gera hreint á þjóðarheimilinu og bæta heimilisbraginn, einmitt í sambandi við hið endurheimta fullveldi landsins? Viljið þið ekki lofa, alfrjálsu Íslandi að njóta góðs af stjórnsemi ykkar, iðjusemi, hirðusemi, hagsýni, nýtni og útsjónarsemi.<sup>56</sup>

Þessi orð lét Katrín Thoroddsen falla í greininni *Áróður og ofnæmi* sem birtist í kvennablaðinu *Melkorku* árið 1944. Í greininni lýsir hún „hræðslu“ kvenna við sósíalismann og stjórnmalapátttöku og líkir henni við ofnæmisviðbrögð líkamans, á þann hátt að þessi hræðsla sé óþörf viðbrögð við einhverju sem ekki gerir þeim mein. Katrín var harður sósíalisti nær alla sína tíð og barðist hart í áframhaldandi réttindabaráttu kvenna, því þótt menntunar- og kosningarétturinn væri í höfn þegar stjórnmaláferill Katrínar hófst þá voru mörg félagsleg réttindi enn komin stutt á veg. Katrínu var eitt sinn lýst sem svo að hún, sem sósíalisti, hafi fundið sig skylduga til þess „að reyna að lækna þau mannanna mein, sem hún gat rakið til þjóðfélagslegra orsaka.“<sup>57</sup> Ævistarf Katrínar sýnir það glögglega að þessi lýsing á rétt á sér, enda var henni verulega annt um velferð og hag annarra, þá sérstaklega barna og unglunga. Þrátt fyrir að vera stundum harðorð og hvöss þá minntust þeir sem kynntust henni sem hjartahljújum mannvini.<sup>58</sup>

#### 3.1 Æska og uppvöxtur

Katrín kom úr mikilli menntaætt og ólst upp við góðan kost. Hún fæddist á Ísafirði árið 1896 en foreldrar hennar voru Theodóra Thoroddsen, kvenréttindakona og skáld, og Skúli Thoroddsen, stjórnmalamaður og síðar stofnandi og ritstjóri *Þjóðviljans* eldri. Skúli var einnig meðal forystumanna sjálfstæðisbáttunnar og því var mikið um að stjórnmal- og menntamenn heimsóttu upveldisheimili Katrínar, ásamt skáldum, listamönnum og kvenréttindakonum.<sup>59</sup> Katrín var þannig umkringd menntuðu fólki, listunnendum og jafnréttissinum öll sín uppvaxtarár, og hefur eflaust verið undir áhrifum frá þeim á þessum mótunarárum. Sigurður, einn yngri bræðra Katrínar, sagði í endurminningum sínum að æska þeirra Thoroddsen barna hafi verið góð. Hann segir að meðal þeirra systkinanna hafi ríkt ákveðið lýðræði, og að þau hafi meira að segja haldið þing þar sem þau fluttu tillögur og

<sup>56</sup> Katrín Thoroddsen, „Áróður og ofnæmi“, bls. 17.

<sup>57</sup> Arnþór Gunnarsson, „Kona í karlaveröld“, bls. 38.

<sup>58</sup> Sverrir Kristjánsson, *Ritsafn* II, bls. 214.

<sup>59</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 12-16.

útkljáðu deilur sem ríktu innan heimilisins. Sumt það sem var rætt á heimilis-þinginu náði jafnvel til landsins alls, en vegna þess „pólítíska andrúmslofts“ sem ríkti á heimili þeirra voru þau viss um að flest þeirra, ef ekki öll, ættu eftir að sitja á Alþingi einn daginn.<sup>60</sup> Þegar Katrín var í kringum fimm ára aldurinn fluttist fjölskylda hennar frá Ísafirði til Bessastaða á Álftanesi, þar sem faðir hennar hafði keypt stórbú, og þegar Katrín var að skríða inn á táningsaldurinn fluttu þau í stórhýsi við Vonarstræti í Reykjavík.<sup>61</sup> Uppeldið á Thoroddsen heimilinu virðist hafa einkennst af mildi, en Sigurður segir að Skúli hafi aldrei skammað börnin. Þrátt fyrir það minnst hann þess að börnunum hafi aldrei dottið til hugar að svara pabba sínum, og litið svo á að allt sem hann sagði væru „sjálfsögð og óskrifuð lög“.<sup>62</sup> Skúli Thoroddsen lést óvænt snemma árs 1916, aðeins 57 ára að aldri, en hann hafði verið heilsulítill árin áður.<sup>63</sup>

### 3.2 Menntun og læknisstörf

Katrín lauk stúdentsprófi árið 1915. Eftir menntaskóla fór Katrín beint í læknanám og var önnur konan á Íslandi sem skráði sig í slíkt nám. Náminu lauk hún með fyrstu einkunn árið 1921<sup>64</sup> og hélt strax til útlanda í framhaldsnám í fæðingar- og barnalækningum.<sup>65</sup> Katrín sneri aftur heim til Íslands árið 1924 og varð fyrst kvenna til þess að gegna starfi héraðslæknis í Flateyjarhéraði. Því starfi gegndi hún til ársins 1926 þegar hún flutti aftur til Reykjavíkur og starfaði þar sem læknir. Árið 1927 fékk hún sérfræðingsleyfi sem barnalæknir, fyrst allra íslenskra lækna.<sup>66</sup> Það gaf því auga leið strax á þriðja áratugnum að Katrín var mikill brautryðjandi og gaf ekki mikið fyrir þær hindranir sem gætu sprottið upp vegna kyns hennar. Í byrjun árs 1927 setti Hjúkrunarfélagið Líkn á stökk Ungbarnavernd. Katrín hlaut sérfræðingsréttindin sem barnalæknir tveimur mánuðum síðar, og var ráðin til stofnunarinnar. Á stöðina gátu mæður komið með börnin sín og fengið ókeypis læknisskoðun sem og ráðgjöf um meðferð og mataræði. Stöðin úthlutaði einnig mjólk til mæðranna og gaf bæði og lánaði barnaföt, sængurföt og barnarúm til þeirra sem þurftu. Stöðin var sérstaklega mikilvæg á kreppuárunum þar sem fátækari mæður áttu þar í örugg hús að venda með börnin sín ef eitthvað bjátaði á.<sup>67</sup> Katrín starfaði síðar sem læknir hjá Heilsuverndarstöð Reykjavíkur og var yfirlæknir þar til ársins 1955, þegar hún tók við starfi sem yfirlæknir barnaeildar stöðvarinnar, og gegndi því

---

<sup>60</sup> Sigurður Thoroddsen, *Eins og gengur*, bls. 26.

<sup>61</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 17-18.

<sup>62</sup> Sigurður Thoroddsen, *Eins og gengur*, bls. 35.

<sup>63</sup> Sigurður Lýðsson, „Skúli Thoroddsen ritstjóri og alþingismaður“, bls. 28.

<sup>64</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 18-21.

<sup>65</sup> Vef „Katrín Thoroddsen“ → [www.althingi.is](http://www.althingi.is)

<sup>66</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 26.

<sup>67</sup> Margrét Guðmundsdóttir, „Verðir heilbrigðinnar“, bls. 271-272.

til ársins 1961. Eftir það starfaði hún sem barnalæknir í afleysingum allt til dauðadags árið 1970.<sup>68</sup>

### 3.2.1 Frjálsar ástir

Árið 1931 flutti Katrín frægan fyrirlestur um takmörkun barneigna sem átti eftir að marka þáttaskil í umræðunni um kynlíf og kynheilbrigði hér á landi. Fyrirlesturinn var upphaflega fluttur að ósk Jafnaðarmannafélags Íslands en var síðar einnig fluttur hjá Guðspekifélagi Reykjavíkur. Loks var hann fluttur í útvarpi. Í kjölfarið rigndi yfir Katrínu bréfum með alls konar fyrirspurnum um efni hans sem og skömmum frá fólki sem var ósátt við innihald fyrirlestursins. Vegna þessa ákvað Katrín að birta hann á prenti. Fyrirlesturinn var verulega framsækinn fyrir sína tíð en hann fjallaði um getnaðarvarnir til einkanota, fræðslu um notkun þeirra og fóstureyðingar, sem á þessum tíma voru enn ólöglegar. Athugasemdirnar sem Katrínu bárust eftir fyrirlesturinn voru margar á þann veg að hún væri beinlínis að dreifa leiðbeiningum til fósturmorða og að hvetja landann til ósiðlegs líferniss. Katrín hefur að öllum líkindum búist við þessum viðbrögðum enda segir hún í byrjun fyrirlestrarins að „hverrar skoðunar sem menn eru, hvort sem þeir eru málinu hlynntir eða andvígir, þá getur þekkingin aldrei verið nema til góðs eins, en fáfræðin er á þessu sviði, ekki síður en öðrum, alltaf til skaða og skammar.“<sup>69</sup>

Helstu mótbárurnar voru meðal annars að afleiðing verjunotkunar yrði kynferðislegt óhóf og siðleysi, að alvarleg fólksfækkun yrði í samfélaginu, að mannkynið myndi úrkynjast þar sem aðeins „varkárari menn“ myndu nýta sér varnirnar og að hjónaböndum stæði hrein og bein hætta af notkun varna. Katrín gaf lítið fyrir þessi andmæli og svaraði hverju þeirra vel og skilmerkilega. Óttann við kynferðislega óhófið sagði hún vera sprottinn úr þeirri gömlu „hefð“ að líta á kynhvatir mannsins sem syndsamlegar, eins og þær væru „óæðri en aðrar eðlishvatir mannsins.“<sup>70</sup> Katrín sagði kynhvötina ekkert sem bæri að óttast enda væri hún hluti af eðli mannsins. Fólksfækkunarrökin ollu henni engum áhyggjum heldur, en sósálíska hugmyndafræði Katrínar má bersýnilega sjá í þeim svörum hennar að íslenskt þjóðfélag hefði gott af fólksfækkun, enda ætti það að vera algjört skilyrði fyrir því að færa nýtt líf inn í þennan heim að geta séð fyrir því á viðunandi hátt. Undir þáverandi þjóðfélagsskipulagi lifðu alltof margir við hungur, eymd og volæði, og því væri það ekki ásættanleg krafa að halda ætti áfram

<sup>68</sup> Vef. „Katrín Thoroddsen“ → [www.althingi.is](http://www.althingi.is)

<sup>69</sup> Katrín Thoroddsen, *Frjálsar ástir*, bls. 3-6.

<sup>70</sup> Katrín Thoroddsen, *Frjálsar ástir*, bls. 10.

stöðugri fólksfölgun. Katrín tók svo rökstuðning sinn saman í eina stutta setningu: „[þ]að er ekki fleira fólk, sem okkur vantar, það er betra fólk.“<sup>71</sup>

Í svari hennar við ótta fólks um að getnaðarvarnir hefðu slæm áhrif á hjónabönd segist hún ekki sjá neinn skaða í því að fólk sem „á ekki lund saman“ skilji ef þau eignast ekki börn saman. Börnin séu oftast en ekki það sem heldur fólki, sem ætti betur að vera í sitt hvoru lagi, saman. Hjónabönd yrðu, samkvæmt Katrínu, líklegast mun farsælli með takmörkun barneigna með getnaðarvörnum, bæði vegna þess að „sífelldar“ barneignir valda oft „lömum á líkama og sál“, og einnig vegna þess að konur myndu eflaust njóta samlífis mun meira ef óttinn við að verða barnshafandi væri ekki ávallt til staðar.<sup>72</sup> Úreltari hugsunarhátt, sem hefur þó alls ekki verið aðeins hennar heldur eflaust fremur algengur á þessum tíma, má sjá í svari Katrínar við því hvort getnaðarvarnir geti valdið úrkynjun mannkynsins. Þá mótbáru telur hún eiga eitthvað sér til máls, en segir að leysa megi málið með því að „vana“ þá sem „ekki væru álitnir heppilegir til undaneldis.“<sup>73</sup> Slíkar hugmyndir höfðu t. a. m. birst árið 1937 í frumvarpi um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólk til þess að koma í veg fyrir að það geti fjölgað sér. Vilmundur Jónsson þáverandi landlæknir skrifaði greinagerð undir nafninu „Afkynjanir og vananir“ varðandi frumvarpið<sup>74</sup>, sem var samþykkt og varð að lögum í desember 1937.

Í síðari hluta fyrirlestrarins fjallar Katrín um kynfæri karla og kvenna, gerðir getnaðarvarna og hvernig þær virka og svo hvernig fóstureyðingum er háttað. Katrín var lítið hrifin af smokknum sem getnaðarvörn vegna þess hve kostnaðarsamur hann var, en einnig af því að með honum væri valdið til takmörkunar barneigna karlanna megin.<sup>75</sup> Fóstureyðingum tók Katrín ekki léttilega og sagðist í raun hafa óbeit á þeim. Hins vegar þótti henni eðlilegast að konan væri réttærri en „þetta samansafn af frumum, sem um síðir verður kannske lifandi vera.“<sup>76</sup>

### 3.3 Stofnun og þátttaka í félagasamtökum

Katrín lét mikið að sér kveða á fleiri sviðum samfélagsins en heilbrigðissviðinu. Árið 1928 var Kvenstúdentafélag Íslands stofnað og var Katrín fyrsti formaður þess. Félagið bar fyrst um sinn heitið Félag háskólakvenna, enda var það stofnað af fimm háskólamenntuðum konum, þ.á.m. Katrínu. Árið 1930 var kvenstúdentum svo boðin innganga í félagið og nafninu breytt

<sup>71</sup> Katrín Thoroddsen, *Frjálsar ástir*, bls. 12-13.

<sup>72</sup> Katrín Thoroddsen, *Frjálsar ástir*, bls. 11; 15.

<sup>73</sup> Katrín Thoroddsen, *Frjálsar ástir*, bls. 14.

<sup>74</sup> Vilmundur Jónsson, *Afkynjanir og vananir* 1937.

<sup>75</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 33.

<sup>76</sup> Katrín Thoroddsen, *Frjálsar ástir*, bls. 21.

samkvæmt því. Markmið félagsins var eins og nafnið gefur til kynna að stuðla að menntun íslenskra kvenna og að starfa sem hvatning fyrir þær til að sækja sér grunn- eða framhaldsmenntun.<sup>77</sup> Félagið mótmælti því svo harðlega árið 1942 þegar reynt var að aðskilja pílta og stúlkur í menntaskólanámi og koma á sérstökum menntaskóla fyrir stúlkur í Kvennaskóla Reykjavíkur. Konum hafði árið 1911 áunnist jafn réttur til náms við menntastofnanir landsins og karlar, og því hefði þessi breyting brotið gegn þeim réttindum. Félagið sendi ásamt KRFÍ mótmælaskjal til Alþingis, og að endingu var hugmyndin kæfð.<sup>78</sup>

Þann 27. september árið 1941 var Menningar- og minningarsjóður kvenna stofnaður með framlagi frá Laufeyju Valdimarsdóttur, dóttur Bríetar Bjarnhéðinsdóttur, og KRFÍ fékk það hlutverk að hafa umsjón með sjóðnum og finna leiðir til fjáröflunar. Katrín Thoroddsen var annar formaður sjóðsins á eftir Laufeyju og gegndi því hlutverki til ársins 1960.<sup>79</sup>

### 3.4 Kvenréttindaskörunurinn Katrín

Katrín var ávallt skelegg baráttukona í jafnréttismálum kvenna. Hún hafði alist upp á heimili þar sem kvenréttindi voru í hávegum höfð þar sem bæði móðir hennar og faðir voru ötulir jafnréttissinnar. Móðurafi Katrínar, séra Guðmundur Einarsson, var einnig meðal fyrstu manna á Íslandi til þess að fjalla opinberlega um nauðsyn aukinnar menntunar kvenna.<sup>80</sup> Margir fjölskyldumeðlimir Katrínar gengu til liðs við sósíalista síðar meir enda hafði andrúmsloftið á heimilinu ávallt verið á þann veg að allir ættu að standa jafnfætis innan þjóðfélagsins. Það sést bersýnilega á þeim málefnum sem Katrín beitti sér fyrir bæði á Alþingi og í bæjarstjórn, en einnig sem læknir og á vegum félagasamtaka, að henni stóð ekki á sama þegar kom að þeirri samfélagslegu hefð að komið væri fram við konur sem annars flokks ríkisborgara. Feminísk sjónarmið hennar döludu ekki með árunum, heldur hélt hún ótraud áfram að vekja athygli á því misrétti sem víða var að finna í samfélaginu. Árin 1920-1970 hafa verið nefnd „þöglu árin“ í kvenréttindabaráttu á Íslandi. Þessi ár spanna tímabilið á milli fyrstu og annarrar bylgju femínisma, eða tímann eftir baráttuna um kosningaréttinn og þar til hinar róttæku rauðsokkur stigu fram á sjónarsviðið. Það má þó deila um það hvort þessi ár hafi í raun og veru verið svo þöglul, eins og Sigríður Th. Erlendsdóttir talar um í grein sinni *Til færri fiska metnar* þar sem hún fjallar um störf KRFÍ á þessum árum<sup>81</sup>, en þó er ljóst að konur áttu erfitt uppdráttar þrátt fyrir að full borgaraleg réttindi ásamt fleiru væru í höfn síðan á öðrum áratug 20. aldar. Þingseta

<sup>77</sup> Þórey Guðmundsdóttir, *Félag íslenskra háskólakvenna og Kvenstúdentafélag Íslands*, bls. 7-9.

<sup>78</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 235-236.

<sup>79</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 218-219.

<sup>80</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 14.

<sup>81</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, „Til færri fiska metnar“.

Katrínar var því á þessu millistigstímabili þegar virðist hafa verið ákveðin ládeyða í samfélaginu í réttindabaráttu kvenna, sem endurspegladist m.a. í dræmum undirtektum við frumvörp og tillögur Katrínar á þingi, sem mörg snerust að réttindum og velferð kvenna.<sup>82</sup>

Í kvennablaðinu *Melkorku* árið 1960 birtust viðtöl við nokkrar þjóðþekktar konur sem allar voru spurðar að sömu þremur spurningunum er vörðuðu kvenréttindabaráttu. Katrín Thoroddsen var ein þeirra sem svaraði spurningunum, en svör hennar voru stutt og skorinorð. Fyrsta spurningin spurði einfaldlega hvaða áhrif kvenréttindabarátta á Íslandi hafi haft á lífsstarf kvennanna. Katrín segir kvenréttindabaráttuna óneitanlega hafa átt ærinn hlut í því að konur fengu sömu réttindi og karlar til menntunar og embætta, og því ætti hún henni að launa sín ævistörf, bæði sem lækni og þingmaður. Aðspurð hvort kvenréttindabaráttan á Íslandi sé komin á endastöð og hafi náð sínu takmarki, þ.e. fullu jafnrétti á við karla, segir Katrín að það sé víðsfjarri. Í hennar augum sé réttur kvenna „naumast meiri en réttur innfæddra manna í brezkum nýlendum“ og kennir tvennu um. Annars vegar „kynhroki karla, hefð og aldagamall óvani“ en hins vegar „andleg leti kvenna, hlédrægni og vanmat á mætti sínum ...“<sup>83</sup> Þetta var ekki í fyrsta sinn sem Katrín lét íslenskar konur heyra það varðandi meinta leti þeirra og óvilja við stjórnmalabátttöku. Hún hafði löngum tíðum talið það eina af helstu ástæðunum fyrir dræmu gengi kvenna á vettvangi stjórnmála, og þótti ef til vill erfitt að skilja slíka „leti“ með sinn sterka baráttuvilja.

### 3.5 Sósíalisminn og leiðin inn á þing

Í minningargrein um Katrínu sem birtist í Þjóðviljanum í maí 1970 segir Einar Olgeirsson að hún hafi fært Sósíalistaflokkinn inn í harða stéttabaráttu landsins: „[h]ið heita hjarta konunnar og hið skarpa skyn hins góða læknis. Hún veitti málstað okkar sínar miklu vinsældir hjá alþýðufólki í Reykjavík.“ Einar sagði Katrínu hafa verið brautryðjanda sem vék aldrei frá sínum hugsjónum, og að í henni hefði sameinast sósíalisti og þjóðernissinni, í einn sterkan persónuleika.<sup>84</sup>

Katrín yfirgaf Alþýðuflokkinn í byrjun fjórða áratugarins og gekk til liðs við nýstofnaðan Kommúnistaflokk Íslands. Katrín var svo í fjórða sæti á lista Kommúnistaflokksins í Reykjavík í þingkosningunum 1937, eina konan á lista, en flokkurinn fékk aðeins þrjá þingmenn kjörna, þar af tvo af framboðslistanum í Reykjavíkurborg. Í næstu kosningum árið 1942, sem seinkað hafði verið vegna heimsstyrjaldarinnar og hernáms

<sup>82</sup> Arnþór Gunnarsson, „Kona í karlaveröld“, bls. 41.

<sup>83</sup> *Melkorka* 1. mars 1960, bls. 31.

<sup>84</sup> „Katrín Thoroddsen, lækni. Minningarorð“, *Þjóðviljinn* 20. maí 1970, bls. 6.



Breta, var Katrín á lista á ný, en í þetta skiptið fyrir nýjan flokk, Sósíalístaflokkinn<sup>85</sup> sem hafði verið stofnaður árið 1938 úr Kommúnístaflokknum og klofningi úr Alþýðuflokknum. Tvennar þingkosningar voru haldnar árið 1942 vegna stjórnarskrárbreytinga og vann Sósíalístaflokkurinn stórsigur í þeim báðum. Katrín komst ekki inn á þing, en eftir seinni kosningarnar varð hún varamaður í Reykjavík, og settist á þing árið 1945 í forföllum Einars Olgeirssonar.<sup>86</sup>

Sumarið 1946 var boðað til þingkosninga. Upphaflega hafði Brynjólfur Bjarnason, þáverandi menntamálaráðherra, setið í fjórða sæti listans í Reykjavík. Hann vék þó frá því sæti með því að bjóða sig fram í Vestmannaeyjum. Þá ákvörðun tók hann eftir að konur innan Sósíalístaflokksins fóru að þrýsta verulega á flokkinn að setja Katrínu í öruggt sæti. Kvenfélagasamband Íslands hafði þremur árum fyrr samþykkt á landsfundi sínum að skora á alla stjórnsmálaflokka landsins að setja konur í örugg sæti á listum sínum fyrir næstu kosningar og þá áskorun nýtti Kvenfélag Sósíalista sér. Flokkurinn gat ómögulega hunsað þessar kröfur, enda var sterkt kvenfélag innan flokksins ásamt sterkum kvenframbjóðanda á lista. Einnig var eftir miklu að sækjast í atkvæðum íslenskra kvenna og ef til vill sá Sósíalístaflokkurinn sér hag í því að ná þeim atkvæðum með konu í öruggu sæti á lista.<sup>87</sup> Katrín var því í fjórða sæti listans í þingkosningunum 1946.<sup>88</sup> Í *Þjóðviljanum* birtust margar greinar til stuðnings Katrínar vikurnar fyrir kosningar og Kvenfélag Sósíalista nýtti sér kvennasíður mál gagnsins óspart fyrir málstað hennar. Stuðningsyfirlýsingar birtust þó á öllum síðum blaðsins frá alls kyns fólki. Á Kvenréttindadaginn sjálfan 19. júní birtist aukablað með *Þjóðviljanum* sem tileinkað var jafnréttismálum kvenna og erindi þeirra inn á þing. Blaðið var fullt af stuðningsyfirlýsingum við Katrínu og var áhersla lögð á mikilvægi þess að fá konu inn á þing í þessum kosningum:

Því Katrín Thoroddsen er eina konan, sem hefur möguleika til að komast á Alþingi að þessu sinni, og er einnig í alla staði sá bezti og ákjósanlegasti fulltrúi, sem þú getur fengið til að vera á verði um málefni þín og barna þinna á hinum örlogaríka stað, Alþingi.<sup>89</sup>

Konum innan Sósíalístaflokksins var mikið í mun að fá Katrínu inn á þing og fá með því sinn eigin fulltrúa á löggjafarsamkomu landsins.

<sup>85</sup> Sameiningarflokkur alþýðu – Sósíalístaflokkurinn.

<sup>86</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 41-43.

<sup>87</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 45-46.

<sup>88</sup> *Hagskýrslur Íslands: Alþingiskosningar árið 1946*, bls. 12.

<sup>89</sup> Katrín Pálsdóttir, „Hvort kýstu heldur Katrínu Thoroddsen eða Björn Ólafsson?“, *Þjóðviljinn* 19. júní 1946, bls. 11.

Katrín fékk tækifæri til að tala fyrir Sósíalístaflokkinn á kosningafundi í útvarpssal fyrir kosningarnar. Þar ræddi hún m.a. hermálin og tilraunir Bandaríkjanna til þess að koma á 99 ára samningi um hersetu á Íslandi.<sup>90</sup> Ári áður hafði Katrín birt greinina „Eyðing Íslandsbyggðar“ í *Timariti Máls og Menningar* þar sem hún fór hörðum orðum um þessa tilraun Bandaríkjanna til að „kaupa Ísland.“<sup>91</sup> Orðræða Katrínar í garð Bandaríkjanna og hersetu þeirra einkenndist af mikilli þjóðerniskennð og átti eftir að bera á henni aftur á næstu árum í tengslum við önnur utanríkismál. Katrín kom einnig inn á mikilvægi þess að eiga kvenfulltrúa á þingi og að konum biðu mörg verkefni þegar þangað væri komið, sem bæði snertu þær beint og óbeint. Hét hún kjósendum sínum því að vinna sem „fulltrúi kvenna að hagsmunamálum þeirra“ og að vinna „af heilum hug að bættum hag íslenzkrar alþýðu.“<sup>92</sup> Þann 30. júní var gengið til kosninga og hlaut Sósíalístaflokkurinn 19,5% atkvæða og tíu þingmenn, þ.á.m. Katrínu.<sup>93</sup>

### 3.6 Þingseta

Tveimur árum áður en Katrín var kosin á þing, stuttu áður en Ísland varð sjálfstætt ríki, hafði ný ríkisstjórn verið mynduð sem fékk heitið *nýsköpunarstjórnin*. Stjórnina mynduðu Sjálfstæðisflokkurinn, Alþýðuflokkurinn og Sósíalístaflokkurinn, og var það í fyrsta sinn sem sósíalistar komu að stjórn landsins. Samstarfið gekk furðu vel fyrst um sinn, en Einar Olgeirsson og Ólafur Thor, formenn Sósíalístaflokksins og Sjálfstæðisflokksins náðu einhvern veginn að mynda bandalag. Stjórnin var þó ekki langlíf, enda með ólíkar skoðanir þegar kom að utanríkismálum. Keflavíkursamningurinn frægi var samþykktur þann 5. október 1946 sem sá Bandaríkjamönnum fyrir áframhaldandi notum á Keflavíkurflugvelli. Sósíalístaflokkurinn hafði ætíð verið harðlega á móti herstöðvum Bandaríkjahers og þegar þessi niðurstaða lá fyrir sögðu ráðherrar flokksins upp stjórnarsamstarfinu. Erfiðlega gekk að mynda nýja stjórn eftir að nýsköpunarstjórnin sprakk og því sat hún áfram allt til 4. febrúar 1947. Fyrir nýja stjórnarmyndun hafði Sósíalístaflokkurinn verið í stjórnarmeirihluta en nýju stjórnina mynduðu Framsóknar-, Sjálfstæðis- og Alþýðuflokkurinn, og var Katrín því komin í stjórnarandstöðu árið 1947.<sup>94</sup> Fimm dögum áður en nýsköpunarstjórnin sprakk hafði Katrín flutt jómfrúarræðu sína sem þingmaður í útvarpsumræðum. Ræðan fjallaði um Keflavíkursamninginn og hélt Katrín því fram að þingmenn væru með honum að taka sér vald

<sup>90</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 46.

<sup>91</sup> Katrín Thoroddsen, „Eyðing Íslandsbyggðar“, bls. 169-172.

<sup>92</sup> „Ræða Katrínar Thoroddsen við útvarpsumræðurnar“, *Þjóðviljinn* 29. júní 1946, bls. 10.

<sup>93</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 48.

<sup>94</sup> Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson, *Íslandssaga til okkar daga*, bls. 446-450.

sem væri ekki þeirra, heldur þjóðarinnar.<sup>95</sup> Skoðanir Katrínar á hersetu Bandaríkjamanna og sterkar skoðanir á utanríkismálum sem henni þóttu ógna sjálfstæði íslensku þjóðarinnar komu oft fram í máli hennar á þingi.

Þingsetning var 22. júlí 1946<sup>96</sup> og þann 8. nóvember lagði Katrín fram fyrsta frumvarpið sitt. Frumvarpið sneri að dagheimilum fyrir börn innan skólaskyldualdurs og var Katrín eini flutningsmaður þess. Katrín vildi gera það að lögum að ríki og sveitarfélög aðstoðuðu við uppeldi barna innan skólaskyldualdurs og að yfirstjórn dagheimila yrði í höndum fræðslumálastjórnarinnar. Tillaga hennar var sú að dagheimili skyldu vera í hverjum kaupstað landsins og að ríkissjóður myndi borga tvo fimmtu hluta stofnkostnaðarins en sveitarfélagið þrjá fimmtu. Ríkið tæki svo einnig þátt í rekstrarkostnaði með því að greiða laun hjúkrunarkvenna og fóstura en foreldrar myndu greiða fæðiskostnað barnsins. Sveitarfélögin tækju svo á sig allan afgangskostnað. Rök Katrínar fyrir þörf slíkra dagheimila byggði á reynslu hennar sem heimilis- og barnalæknir í Reykjavík, en hún hafði séð frá fyrstu hendi hversu slæm uppeldisskilyrði barna voru í borginni og utan hennar.<sup>97</sup> Málflutningur Katrínar var sterkur og frumvarpið vel unnið. Hins vegar greip hún í tómt meðal starfsbræðra sinna og enginn annar þingmaður tjáði sig um málið.<sup>98</sup> Frumvarpið fór til nefndar og tók miklum breytingum þar. Þegar það kom úr nefnd hafði ábyrgð stjórn mála í uppbyggingu og rekstri dagheimila minnkað töluvert. Katrín hélt frekari ræður um málið en því var að lokum frestað og var ekki tekið upp aftur.<sup>99</sup>

Svona fór því miður um flest þau mál sem Katrín tók upp á sinni stuttu veru á þingi. Hún beitti sér að miklu leyti fyrir málum sem vörðuðu hagsmuni barna og kvenna og fékk dræmar undirtekir frá þingmönnum. Sigurinn var því ekki í höfn þrátt fyrir að vinstri vængurinn væri búinn að koma konu inn á þing, því svo virðist sem að konur hafi almennt fengið lítinn hljómgrunn fyrir þeim málefnum er vörðuðu sig og kynsystur sínar. Einnig virtist sem íslenskir stjórnámálamenn væru ekki tilbúnir að ganga fyllilega til liðs við baráttu Katrínar og viðurkenna þannig það misrétti sem var viðvarandi í þjóðfélaginu. Á Þjóðskjalasafni er að finna minnisblað frá Katrínu Pálsdóttur borgarfulltrúa og meðlimi Sósíalístaflokksins þar sem hún gagnrýnir sinnuleysi flokksins gagnvart málefnum Katrínar á þingi. Katrín Pálsdóttir heldur því einnig fram að nafna hennar Thoroddsen hafi verið notuð sem einslags „kosningabeita“ fyrir atkvæði

---

<sup>95</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 49.

<sup>96</sup> Vef. „Kjördagur kosninga til Alþingis“ → [www.althingi.is](http://www.althingi.is)

<sup>97</sup> Frv. til laga um dagheimili fyrir börn innan skólaskyldualdurs, þskj. 84-85. *Alþingistíðindi* 1946-1947.

<sup>98</sup> Arnþór Gunnarsson, „Kona í karlaveröld“, bls. 38-39.

<sup>99</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 51.

í kosningunum 1946 en að slíkt muni ekki ganga í næstu kosningum ef ekki verði hægt að benda á velgengni mála hennar á Alþingi, þá sérstaklega málefni er vörðuðu konur.<sup>100</sup>

Premur dögum eftir fyrsta flutninginn á dagheimilafrumvarpinu flutti Katrín annað frumvarp sem kallaði eftir breytingum á lögum frá 1935 um tekjuskatt og eignarskatt, en samkvæmt þeim skyldu hjón vera samsköttuð. Þetta fyrirkomulag kom sér illa fyrir konur þar sem þær voru nær undantekningalaust launalægri en karlar og því fór megnið af launum þeirra í skatt, mun hærra hlutfall en hjá körlum. Katrín sagði það vera konum<sup>101</sup> mikið metnaðar- og jafnréttismál að fá þessu ákvæði breytt þar sem þetta skerti atvinnufrelsi þeirra og möguleika til atvinnu, því að endingu væru þær að greiða hærri skatt en aðrir skattgreiðendur.<sup>102</sup> Engar umræður urðu um þetta frumvarp og rétt eins og dagheimilin var það fært í nefnd og sofnaði þar. Þetta frumvarp Katrínar var í raun langt á undan sínum tíma þar sem sérsköttun hjóna varð ekki að lögum hérlendis fyrr en árið 1978.<sup>103</sup> Katrín var sjálf ógift og var því sérsköttuð alla tíð, en frumvarp þetta sýnir skilning hennar á stöðu kvenna í íslensku samfélagi, og hefur henni þótt ótækt að þær sem kusu að gifta sig skyldu gjalda fyrir það með hærri skattlagningu. KRFÍ barðist einnig fyrir sérsköttun hjóna á árunum 1946–1978 og var það eitt höfuðviðfangsefni félagsins á þeim tíma.<sup>104</sup>

Réttindi, viðurværi og uppeldisaðstæður barna áttu alltaf sérstakan stað í hjarta Katrínar. Það endurspegladist í þeim málum sem hún tók fyrir á þingi á einn eða annan hátt, en auk dagheimilafrumvarpsins þá tók Katrín fyrir önnur málefni barna eins og vernd barna og unglinga, uppeldisheimili barna sem voru „andlega miður sín“ og afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Sósíalístinn í henni var einnig sterkur og beitti hún sér fyrir ýmsum málefnum er snertu efnalítið fólk. Mál eins og framfærsla fátækra, sjúkratryggingar, lífeyrissjóðsmál hjúkrunarkvenna, laun ljósmæðra og orlofsmál verkafólks. Sem lækni lét hún heilbrigðismálin sig einnig varða, sat í heilbrigðis- og félagsmálanefnd, og talaði fyrir málum eins og byggingu á farsóttarsjúkrahúsi í Reykjavík, meðferð ölvaðra og drykkjusjúkra, byggingu almennra sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana og almennum tannlækningum. Eitt slíkra mála var þingsályktunartillaga sem Katrín flutti ásamt Hermanni Guðmundssyni um innflutning nýrra ávaxta. Katrín þekkti vel ábatann af því að neyta ávaxta, en áður fyrr fengust ferskir ávextir aðeins með lyfseðli frá lækni, og bar ályktunin það undir þingið að allir

<sup>100</sup> Rakel Adolphsdóttir, Nýjar konur, bls. 64-65.

<sup>101</sup> Þó aðeins giftum konum. Einhleypar konur voru skattlagðar sér.

<sup>102</sup> Frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt, þskj. 90-91. *Alþingistíðindi* 1946-1947, A: 222-223 og *Alþingistíðindi* 1946-1947, C, d. 286-287.

<sup>103</sup> Arnþór Gunnarsson, „Kona í karlaveröld“, bls. 39.

<sup>104</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 257.

landsmenn ættu að hafa greiðan aðgang að ávöxtum.<sup>105</sup> Þessi tillaga var að endingu samþykkt. Í mörgum ef ekki öllum þessara mála kom sérfræðipækking Katrínar í læknavísindum sér vel. Eitt dæmi um það er t.a.m. þegar bróðir hennar, Guðmundur Thoroddsen, þáverandi forstöðumaður handlæknisdeildar Landspítalans, átti einnig að verða yfirlæknir fæðingardeildarinnar. Svo virðist sem þeir sem komu að því máli hafi ekki séð neina sérstaka vankanta á því, en Katrín flutti ræðu á þingi um fáránleika þess að sami læknir skyldi gegna báðum þessum stöðum. Yfirlæknisstarfið á fæðingardeild væri í fyrsta lagi ekkert „íhlaupastarf“ þar sem læknirinn þyrfti að vera ávallt til taks. Einnig tók hún fram að „[þ]að þekkist hvergi í heiminum nema hér, að sami maðurinn skipti sér þannig á milli tveggja jafnólíkra greina og handlækninga og kvensjúkdóma og fæðingarhjálpur í starfi og kennslu.“<sup>106</sup> Mótmæli Katrínar voru tekin til greina og tók heilbrigðisstjórnin þá ákvörðun að fresta skipan yfirlæknis fæðingardeildarinnar þar til ákvörðun um hvernig fyrirkomulagi deildarinnar skildi háttáð lægi fyrir.<sup>107</sup>

Eitt af stærri málunum sem Katrín tók fyrir á þingi var framkvæmd vöruskömmunar sem hófst 1. október 1947. Samkvæmt Katrínu voru margir gallar á þeim skömmunarreglum sem í gildi voru og flutti hún þingsályktunartillögu um ógildingu þeirra og gerð nýrra reglna. Katrínu þótti illa að málinu staðið að reglurnar skyldu gilda yfir alla þjóðfélagshópa eins og þeir kæmu jafnir að borði. Henni þótti mikilvægt að nýtt skömmunarkerfi tæki mið af aðstæðum barnshafandi kvenna, erfiðsmanna, sjúklinga, barna og gamalmenna, og einnig þeirra sem voru að reyna að stofna nýtt heimili. Bensínskömmtunin þyrfti einnig að taka frekara tillit til vöru- og leigubílsstjóra sem og lækna sem sækja sjúklinga heim, og kornvöruskammtinn þyrfti nauðsynlega að hækka. Kerfinu sagði hún einnig geta fylgt mikil spilling þar sem vörur yrðu óhjákvæmilega fluttar ólöglega inn í gegnum Keflavíkurflugvöll og síðan seldar á uppsprengdu verði, sem aðeins efnaðra fólk hefði ráð á.<sup>108</sup> Málið fór fyrst til nefndar og dagaði þar uppi. Ári síðar tók Katrín málið upp að nýju þegar ársreynsla hafði fengist af kerfinu og lagði fram tillögu um skipun nefndar sem ákvarða ætti endurbætur á fyrirkomulaginu. Málið fór á ný til nefndar og kom ekki aftur þaðan fyrr en í desember, og var þá of seint að kjósa um slíka nefnd þar sem gert var ráð fyrir að reglugerðin myndi taka gildi

---

<sup>105</sup> Upplýsingar og skjöl um frumvörp og önnur þingskjöl Katrínar má finna á Alþingisvefnum undir hennar nafni.

<sup>106</sup> *Alþingistíðindi* 1947-1948, D, d. 441-445.

<sup>107</sup> *Alþingistíðindi* 1947-1948, A, bls. 993-994.

<sup>108</sup> *Alþingistíðindi* 1947-1948, D, d. 307-341.

þau áramót.<sup>109</sup> Málið dagaði þar uppi eins og svo mörg önnur mál Katrínar sem komu að sósíalískri velferðarstefnu.

Árið 1949 var fremur stormasamt á Alþingi en þann 30. mars það ár var aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu (NATO) samþykkt. Sósíalístaflokkurinn var alfarið á móti inngöngu Íslands í bandalagið og hafði tíu dögum fyrr lagt fram vantrauststillögu á ríkisstjórnina, en tillagan var felld.<sup>110</sup> Sama dag hélt Katrín eldræðu um mótstöðu sína við inngönguna í NATO. Í ræðunni sagði hún að Ísland væri eign „hins íslenska ættbálks“ og að ríkisstjórnin hefði engan rétt á því að ráðstafa yfirráðum landsins einhverju erlendu stórveldi. Samningurinn færi gegn frelsi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar, frelsinu sem þjóðin hafði aðeins nýlega öðlast<sup>111</sup>. Í kosningunni um aðildina að bandalaginu voru 37 þingmenn með því og 13 á móti, þ.m.t. allir tíu þingmenn Sósíalístaflokksins.<sup>112</sup>

### 3.6.1 Katrín vikur af þingi

Haustið 1949 var boðað til kosninga á ný. Stjórnin hafði náð að halda samstarfinu gangandi þrátt fyrir skiptar skoðanir vegna NATO aðildarinnar, en um haustið jókst ósætti Framsóknarflokksins vegna dýrtíðaraðgerða og þegar ekkert samkomulag náðist milli flokkanna í þeim efnum baðst stjórnin lausnar og boðað var til kosninga. Í þetta skiptið var Brynjólfur Bjarnason, sem hafði vikið frá sæti sínu í kosningunum 1946 svo Katrín kæmist upp um sæti, kominn í þriðja sæti á lista Sósíalístaflokksins og Katrín aftur niður í það fimmta. Katrín hélt því fram að hún hafi tekið þessari sætabreytingu „af ráðnum hug“ og að fimmta sætið væri eins sigurvænlegt nú og fjórða sætið var árið 1946.<sup>113</sup> Á Kvennasíðu *Þjóðviljans* birtust á ný stuðningsyfirlýsingar við Katrínu og var þar tekið fram að hún skyldi fara á þing á ný. Margir hafi trúað því að hún næði aldrei inn í kosningunum árið 1946 en nú væri alþjóð búin að kynnast henni sem ótrauðri baráttukonu fyrir málstað íslensku þjóðarinnar, og að hún væri hinn „glæsilegasti fulltrúi íslensku alþýðunnar.“<sup>114</sup> Kvenfélag Sósíalista var skiljanlega ósátt við þessa ákvörðun. Félagskonur höfðu lagt mikla áherslu á að Katrín fengi öruggt sæti líkt og þremur árum fyrr og fannst þeim nú illa vegið að sér þar sem óvíst var hvort fulltrúi þeirra héldi sínu sæti. Katrín var því fengin til að halda ræðu á fundi félagsins og gera grein fyrir sinni afstöðu. Ræðan var svo birt í *Þjóðviljanum*. Þar lagði Katrín áherslu á að hún hefði

---

<sup>109</sup> Guðrún Gísladóttir og Valgerður Gísladóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 99-100.

<sup>110</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 130.

<sup>111</sup> Guðrún Gísladóttir og Valgerður Gísladóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 100-101.

<sup>112</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 133.

<sup>113</sup> *Þjóðviljinn* 20. september 1949, bls. 1.

<sup>114</sup> *Þjóðviljinn* 22. september 1949, bls. 3.

sjálf valið sér fimmta sætið og að henni hafi ekki verið haggð þó forráðamenn flokksins vildu koma henni ofar. Hún þvertók fyrir að ástæðan fyrir því hafi annað hvort verið hlédrægni hennar við að taka virkan þátt í stjórnámálum landsins eða erfiðleikarnir við að sinna bæði þingstörfum og læknisstörfum. En hún lætur þau orð falla að henni hafi aldrei liðið verr á ævinni og inni á þingi. Þar hafi hún „séð mannkynið aumast, landa mína vesælasta og versta.“ Ástæða þess að hún kaus fimmta sæti listans hafi verið sú að það var „spori nær orustusvæðinu en hin sem efri eru“ og að henni væri „nokkurt metnaðarmál að kona yrði til þess að brjóta skarðið í fylkingarvegg hinna illræmdu erindreka Bandaríkjaherveldisins ...“. Katrín sagðist trúa því staðfastlega að þjóðin myndi ekki blekkjast á ný og að Sósíalístaflokkurinn myndi bæta við sig að minnsta kosti einum þingmanni í komandi kosningum, hún hefði því engar áhyggjur af fimmta sætinu.<sup>115</sup>

Baráttuvilji Katrínar dugði þó ekki til. Sósíalístaflokkurinn fékk aðeins níu menn kjörna samanbórið við tíu menn þremur árum áður. Katrín náði því ekki inn.<sup>116</sup> Alþingi var þó ekki kvenmannslaust eftir fráhrarf Katrínar heldur tóku tvær konur, Rannveig Þorsteinsdóttir fyrir Framsóknarflokkinn og Kristín L. Sigurðardóttir fyrir Sjálfstæðisflokkinn, sæti á þingi og voru þá í fyrsta sinn tvær konur á sama tíma inni á þingi.<sup>117</sup>

### 3.7 Bæjarstjórn og efri ár

Katrín var þó ekki af baki dottin og þremur mánuðum síðar var hún í öðru sæti á lista Sósíalístaflokksins fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í Reykjavík. *Þjóðviljinn* var að sjálfsögðu nýttur til að hvetja til stuðnings við Katrínu og Sósíalístaflokkurinn hélt einnig stóran kvennafund vegna kosninganna.<sup>118</sup> Katrín náði kjöri í bæjarstjórn og reyndist vera hennar þar efnaminni konum jafn mikilvæg og á Alþingi þar sem hún hélt áfram ötulli baráttu sinni fyrir velferðarmálum barna og fátækra. Einu heimildirnar sem til eru um málefnið sem Katrín setti fram í bæjarstjórn eru fundagerðir, en ræður hennar eru hvergi bókaðar. Ein fyrsta tillaga hennar kvað á um skipan lögreglulæknis sem ætti að skoða þá sem lögreglan tæki á almannafæri og sjá til þess að meðferð þeirra hæfði heilsufari. Hún flutti einnig tillögu ásamt öðrum konum innan bæjarstjórnarinnar um að ráða skyldi tvær lögreglukonur í Reykjavík sem fyrst. Á hverju ári flutti Katrín tillögu um mjólkurgjafir í barnaskólum Reykjavíkur, en fékk lítinn meðbyr þar. Haustið 1953, þriðja árið í röð sem hún flutti sömu tillögunum, bætti hún því

<sup>115</sup> *Þjóðviljinn* 22. september 1949, bls. 3.

<sup>116</sup> *Þjóðviljinn* 28. október 1949, bls. 1.

<sup>117</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 58.

<sup>118</sup> *Þjóðviljinn* 20. janúar 1950, bls. 2.

við að bæjarráð ætti að kalla lækna barnaskólanna á sinn fund og spyrja þá hvort þeir teldu daglega mjólkurgjöf í skólum líklega til að bæta heilsu barna, og var eflaust með þessu að ýja að því hve augljós ávinningur mjólkurgjafarinnar yrði. Eins og hefur verið rætt var Katrín bæði sósíalisti og mikill mannvínur og því kemur ekki á óvart að fyrir hver jól hafi hún borið fram tillögu um viðbótargreiðslur til styrkþega. Húsnæðismál þeirra sem minna máttu sín voru henni sem fyrr hjartans mál, og í byrjun árs 1952 setti hún fram tillögu varðandi húsakynni atvinnulausra og fátækra og nauðsynlega fjárhagsaðstoð við kyndingu inni á heimilum þeirra.<sup>119</sup>

Í bæjarstjórnarkosningunum 1954 var Katrín komin niður í sjötta sæti listans.<sup>120</sup> Ólíkt því þegar hún færðist niður um sæti fyrir þingkosningarnar árið 1949 gerði hún enga grein fyrir þessu fyrirkomulagi árið 1954. Þegar þarna var komið var Katrín orðin 58 ára og eflaust þreytt á líkama og sál eftir áratugi af læknisstörfum og stjórnmalastörfum. Það má því leiða hugann að því hvort hún hafi einfaldlega viljað draga sig aðeins í hlé frá stjórnmalum, þó ekki hafi fundist heimildir um það. Katrín var ekki kjörin í bæjarstjórn árið 1954 og sneri sér aftur til læknisstarfanna eins og fjallað var um hér að ofan. Hún lét af störfum sem yfirlæknir barnadeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur árið 1961 en starfaði áfram sem heimilislæknir til dauðadags árið 1970.<sup>121</sup>

---

<sup>119</sup> Guðrún Gísladóttir og Valgerður Gísladóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 102.

<sup>120</sup> *Þjóðviljinn* 13. janúar 1954, bls. 6.

<sup>121</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 61.



## 4. Svava Jakobsdóttir

Það má segja, að það hafi verið mitt fyrsta baráttumál í lífinu að vera tekin gild, enda þótt ég væri stelpa.<sup>122</sup>

### 4.1 Æska og uppvöxtur

Svava Jakobsdóttir fæddist þann 4. október árið 1930 í Neskaupstað. Faðir hennar var prestur og móðir hennar húsmóðir og var Svava annað barn foreldra sinna af fimm. Þegar Svava var fimm ára gömul fluttist fjölskylda hennar til Kanada þar sem faðir hennar starfaði sem prestur fyrir Vestur-Íslendinga. Þar gekk hún í kanadískan skóla og varð altalandi á ensku, og hætti alfarið að tala íslensku. Árið 1940 fluttist fjölskyldan svo aftur til Íslands, en Svava var þá tíu ára gömul, talaði litla sem enga íslensku og var „útlensk“ til fara. Fyrstu árin aftur á Íslandi voru henni því erfið þar sem hún skar sig töluvert úr hópi jafnaldra sinna. Hún náði þó fljótt tókum á tungumálinu á ný.<sup>123</sup> Þrátt fyrir að vera prestsdóttir var Svava engin ofsatrúarmanneskja heldur var frjálsslynd lúterstrú við lýði á hennar heimili sem var „laus við allar kreddur“ og gaf henni „svigrúm til að trúa án ótta.“ Faðir Svövu var frjálsslyndur prestur og guðfræðingur sem ól börnin sín upp við það að Guð væri fyrst og fremst kærleikur.<sup>124</sup> Svava hélt í trúna alla sína ævi og eru kristni og ýmis trúarleg tákni hluti af flestum skáldverkum hennar.<sup>125</sup> Svava var þjóðernissinnaður unglingur að eigin sögn og var í hópi þeirra margra ungu Íslendinga sem flykkust á Þingvöll þann 17. júní 1944.<sup>126</sup>

### 4.2 Menntun, fjölskyldulíf og fyrri störf

Svava lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1949 og hóf nám sama haust við Háskóla Íslands í heimspekilegum forspjallsvísindum.<sup>127</sup> Námið var þá einhvers konar blanda af heimspeki, siðfræði, sálarfræði og fleiru, en Svava stoppaði stutt við þar sem hún var að safna sér fyrir námi erlendis og stefndi þangað ári síðar.<sup>128</sup> Svava fékk inngöngu í Smith College í Northampton í Massachusetts haustið 1950 á fullum námsstyrk og lagði þar stund á enskar og amerískar bókmenntir ásamt fornensku og miðaldabókmenntum. Hún lauk A.B.-prófi þaðan tveimur árum síðar og fluttist til Oxford á Englandi þar sem hún lærði íslenskar

---

<sup>122</sup> Viðtal við Svövu 1974.

<sup>123</sup> Dagný Kristjánsdóttir, „Hvert einasta orð er mikilvægt“, bls. 30-31.

<sup>124</sup> Sama heimild, bls. 40-41.

<sup>125</sup> Soffía Auður Birgisdóttir, „Lífið, leitin, listin“, bls. 18.

<sup>126</sup> Sama heimild, bls. 31.

<sup>127</sup> Soffía Auður Birgisdóttir, „Lífið, leitin, listin“, bls. 15-16.

<sup>128</sup> Gerður Kristný, „Grasaferð að læknisráði“, bls. 51.

miðaldabókmenntir við Somerville College. Hún neyddist þó til þess að hætta náminu þar fyrsta veturinn vegna augnsjúkdóms og lagði ekki stund á nám aftur fyrr en 13 árum síðar.

Sumarið 1955 gekk Svava að eiga Jón Hnefil Aðalsteinsson og eignuðust þau sitt fyrsta og eina barn ári síðar, soninn Jakob. Fjölskyldan bjó fyrst um sinn í Stokkhólmi þar sem Jón lærði trúarbragðasögu og Svava starfaði við íslenska utanríkisráðuneytið, en fluttist svo árið 1958 til Reykjavíkur þar sem Jón hóf nám í guðfræði. Árið 1961 tók Jón svo stöðu sóknarprests á Eskifirði og bjuggu þau þrjú þar til ársins 1965 þegar þau fluttu aftur til Svíþjóðar, í þetta sinn til Uppsala, þar sem Jón lagði stund á þjóðfræðinám og Svava settist aftur á skólabeck, nú í sænskum nútímabókmenntum.<sup>129</sup>

Svava gegndi ýmsum störfum um ævina. Á Eskifirði sinnti hún kennslu við barna- og unglingskóla, hún starfaði um tíma sem blaðamaður og einnig við dagskrárgerð fyrir Ríkisútvarpið, skrifaði smásögur og skáldsögur og sat svo á þingi nær allan áttunda áratug síðustu aldar.<sup>130</sup>

### 4.3 Ritstörf

Árið 1965, á meðan hún bjó í Uppsölum, gaf Svava út sína fyrstu bók. Bókin bar heitið *Tólf konur* og innihélt 12 smásögur. Í sögunum fjallaði Svava um líf og stöðu íslenskra kvenna á nýstárlegan og öðruvísi hátt en áður hafði verið gert. Tveimur árum seinna, árið 1967, gaf Svava út annað smásagnasafn undir nafninu *Veizla undir grjóttvegg* þar sem hún hélt ádeilu sinni á stöðu kvenna áfram. Með seinni bókinni þótti Svava hafa skipað sér sess meðal helstu samtímaskálda á Íslandi sem fróðlegt yrði að fylgjast með og bjuggust margir við enn frekari snilldarverkum frá henni. Frásagnaraðferðir Svövu voru nýstárlegar og eflaust hefur það haft áhrif á skrifin að hún hafði búið mikið í Svíþjóð þar sem kvenréttindabaráttan og samfélagsleg umræða um stöðu kvenna var töluvert lengra komin á sjöunda áratugnum.<sup>131</sup> Viðfangsefni Svövu í þessum fyrstu smásagnasöfnum var hversdagslíf kvenna, þá oftast eiginkvenna og húsmæðra, og þær samfélagslegu skorður sem voru settar á þær.<sup>132</sup> Í viðtali frá árinu 1998 segist Svava ekki hafa verið að skrifa smásögurnar sínar sérstaklega fyrir konur, en að hún hafi þó vitað að hún sjálf væri kona. Sögurnar fengu jákvæð viðbrögð frá kvennahreyfingunni og var Svava ánægð að þær skyldu fá hljómgrunn, og taldi það tákna að þær væru „sprottnar úr samtímanum.“<sup>133</sup> Sögur Svövu eru bæði líkar og ólíkar á sama tíma. Engin ein leið er til að

<sup>129</sup> Soffía Auður Birgisdóttir, „Lífið, leitinn, listin“, bls. 16.

<sup>130</sup> Soffía Auður Birgisdóttir, „Lífið, leitinn, listin“, bls. 16 og 19.

<sup>131</sup> Njörður P. Njarðvík, „Veizla undir grjóttvegg“, bls. 178-179.

<sup>132</sup> Soffía Auður Birgisdóttir, „Lífið, leitinn, listin“, bls. 16-17.

<sup>133</sup> Gerður Kristný, „Grasaferð að læknisráði“, bls. 48.

túlka þær, heldur fer það eftir lesandanum og hans raunveruleika, hvernig boðskapur sagnanna er skilinn. Svipuð þemu eiga sér þó stað þvert á sögunar, eins og heimilið, hjónaband, staða húsmæðra og eiginkvenna, samskipti mæðra við börnin sín, nútímavæðing íslenskra heimila og einangrunarhyggjan sem henni getur fylgt.<sup>134</sup>

Árið 1969 gaf Svava svo út fyrstu skáldsöguna sína, *Leigjandinn*. Bókin fjallar um ung íslensk hjón og samskipti þeirra við óboðinn „leigjanda“ sem flytur óvænt inn í forstofuna þeirra.<sup>135</sup> *Leigjandinn* hefur verið túlkuð á ýmsa vegu, þótt vinsælasta greiningin virðist vera sú að samband hjónanna og leigjandans, eða réttara sagt hústökumannsins, eigi að tákna samband Íslands og Bandaríkjanna um og upp úr seinni heimsstyrjöldinni. Einnig er hægt að setja greininguna í víðara samhengi og segja söguna tákna afstöðu Íslands gagnvart umheiminum.<sup>136</sup> Svava sjálf sagði þó aldrei hreint út hver merkingin á bakvið söguna væri, sem er í takt við það sem sagt var hér að ofan um að túlkun á sögum hennar geti farið eftir lesandanum að hverju sinni. Svava sagði eitt sinn söguna vera lýsingu á sálarástandi íslensku þjóðarinnar. Hersetan er vissulega partur af hinu sögulega samhengi, en leigjandinn sjáfur er engin „allegórísk persóna“, þó hann hafi vissulega ákveðnar „táknrænar skírskotanir.“ Sjálf virðist Svava leggja frekari áherslu á birtingarmynd gömlu dyggðanna í sögunni, svo sem efnishyggju, sýndarmennsku, tillitssemi og gestrisni, sem kemur svo niður á hjónunum ungu þegar óboðni maðurinn kemur og tekur yfir forstofuna þeirra.<sup>137</sup> Það er þó ekki furða að margir hafi gripið í þá túlkun á sögunni að hér væri um að ræða Bandaríkjaher og íslenskt samfélag þar sem vitanlega bera samskipti aðalpersóna sögunnar mörg líkindi við samskipti og samband Íslands og Bandaríkjanna. Þegar Svava tók svo sæti á Alþingi tveimur árum eftir útgáfu *Leigjandans* lét hún mikið til sín taka í andstöðunni gegn veru Bandaríkjahers á Íslandi, sem gæti hafa ýtt enn fremur undir þessa túlkun á sögunni.

Árið 1970 setti Svava á svið leikritið *Hvað er í blýhólknunum* sem fjallar eins og margt annað úr hennar smíðju um þjóðfélagslega stöðu kvenna. Aðalpersónurnar eru hjón þar sem karlinn starfar á vinnumarkaði en konan innan heimilisins, og fjallar leikritið um andstæður í lífi hjónanna. Leikritinu var afar vel tekið.<sup>138</sup> Á meðan á þingsetu hennar stóð sendi Svava frá sér einstaka smásögur en enga bók, en eftir þingsetuna sneri hún sér alfarið að ritstörfum á ný og gaf út fleiri leikrit, smásagnasöfn og aðra skáldsögu.<sup>139</sup>

<sup>134</sup> Sjá *Veizla undir grjóttvegg* 1967 og *Tólf konur* 1965.

<sup>135</sup> Svava Jakobsdóttir, *Leigjandinn* 1969.

<sup>136</sup> Njörður P. Njarðvík, „Undir verndarvæng“, bls. 118.

<sup>137</sup> Gerður Kristný, „Grasaferð að læknisráði“, bls. 50.

<sup>138</sup> Soffía Auður Birgisdóttir, „Lífið, leitin, listin“, bls. 18.

<sup>139</sup> *Vef*. „Svava Jakobsdóttir“ → Skáld.is → <https://www.skald.is/product-page/svava-jakobsdottir>

#### 4.4 Kosningabaráttan 1971

Í alþingiskosningunum 1971 var Svava í þriðja sæti á lista Alþýðubandalagsins.<sup>140</sup> Flokkurinn hafði verið formlega stofnaður úr kosningabandalagi undir sama nafni í nóvember árið 1968 og var því nýkominn inn á leiksvið íslenskra stjórnmála sem opinber stjórnmálaflokkur, þótt bandalagið hafi vissulega tekið þátt í bæði alþingis- og bæjarstjórnarkosningum frá myndun þess 1956 og fram til stofnunar flokksins. Alþýðubandalagið varð til árið 1956 sem kosningabandalag Sósíalistaflokksins og Málfundafélags jafnaðarmanna<sup>141</sup>, en meðlimir úr Þjóðvarnarflokknum gengu einnig til liðs við bandalagið árið 1963.<sup>142</sup>

Svava var spurð í viðtali í *Þjóðviljanum* í apríl 1971 hvort áhugi hennar á kvenréttindabaráttu væri að ýta á eftir henni til stjórnmálaþátttöku og svaraði hún játandi. Hún sagðist þekkja af eigin raun það misrétti sem konur hafi lengi verið beittar varðandi tækifæri til náms og atvinnu sem og í launakjörum. Hún sagði það einnig vera alkunna staðreynd að konur hafi lítil áhrif haft á þjóðmál Íslands og að sú „staðreynd [sé] ekki einungis andstæð lýðræðislegri hugsjón, þar sem konur eru nánast helmingur landsmanna, heldur og óheillavænlegt í reynd.“ Hún setti þar tóninn fyrir tilvonandi þingsetu sína og þau málefni sem hún skyldi berjast fyrir. Hún sagði að ef hún tæki sæti á Alþingi myndi hún beita sér fyrir því að leiðir kvenna til aukinnar þátttöku og áhrifa á sem flestum sviðum samfélagsins opnuðust. Aðspurð að því hvers vegna hún ákvað að ganga til liðs við Alþýðubandalagið fyrir þessa baráttu sagðist hún vera sannfærð um að flokkurinn væri eini raunverulegi vinstri flokkurinn á Íslandi, bæði vegna sósíalískrar stefnu hans sem og raunhæfra tillagna hans til að koma á jafnrétti í samfélaginu.<sup>143</sup>

Fyrir kosningarnar birtust í *Morgunblaðinu* og *Tímanum* gagnrýnisraddir á Alþýðubandalagið og kosningamálefni flokksins. Gagnrýnin sneri einna helst að jafnréttishugmyndum Alþýðubandalagsins og sagði að þær bentu til „hnignunar verkalyðshreyfingarinnar.“ Greinin í *Morgunblaðinu* sagði það „ámælisvert“ að flokkurinn skyldi nú vera „málsvari þeirra hugmynda, sem rauðsokkur vinna fyrir.“ Svava gaf lítið fyrir þessa gagnrýni og svaraði henni í *Þjóðviljanum*, þar sem hún velti því fyrir sér hvaða hugmyndir þetta væru sem *Morgunblaðinu* og *Tímanum* þættu svona óvinsælar og merki um hnignun. „Það eru hugmyndir um jafnrétti þegnanna á öllum sviðum þjóðlífsins, hugmyndir, sem eiga sér djúpar rætur í sögu verkakvennafélaga, kvenréttindahreyfingarinnar og

<sup>140</sup> *Þjóðviljinn* 24. apríl 1971, bls. 1.

<sup>141</sup> Vinstri armur Alþýðuflokksins.

<sup>142</sup> Vef. „Alþýðubandalag“ → [www.althingi.is](http://www.althingi.is)

<sup>143</sup> *Þjóðviljinn* 24. apríl 1971, bls. 1.

formnorrænni sögu“ sagði Svava og bætti við að „[þ]essar hugmyndir vill Alþýðubandalagið gera að veruleika.“ Í greininni reifar hún einnig hugmyndir flokksins um hvernig koma eigi á launajafnrétti kynjanna, málefni sem hún skyldi taka fyrir þegar hún kæmist inn á þing. Hún gagnrýndi svo kvenfélagsstarf Sjálfstæðisflokksins sem nýlega hafði snúið að skreytingu veisluborða og fræðslu um trimm, og bætti við í lokin „[k]annski er þessu trimm-prógrami Sjálfstæðisflokksins ætlað að auðvelda konum hina löngu og erfiðu göngu þeirra niður launaskalann?“<sup>144</sup> Svava samsamaði sig fljótt hinni nýstofnuðu og róttæku Rauðsokkuhreyfingu í kosningabaráttunni og átti eftir að vera samstíga henni allan sinn þingferil.

#### 4.5 Þingseta

Alþingiskosningarnar fóru fram 13. júní 1971. Alþýðubandalagið fékk 20% atkvæða og tvo kjörna þingmenn, og Svava Jakobsdóttir komst inn á þing sem landskjörinn þingmaður. Þegar kosningaúrslitin lágu fyrir þann 15. júní mátti lesa á forsíðu *Þjóðviljans*, sem var mál gagn Alþýðubandalagsins, fyrirsögnina „[r]íkisstjórnin fallin og straumurinn liggur til vinstri í íslenskum stjórnámálum“. Alþýðuflokkurinn beið afhroð í kosningunum og Sjálfstæðisflokkurinn tapaði einnig fylgi.<sup>145</sup> Þegar Svava tók sæti á þingi 1971 varð hún aðeins önnur konan úr vinstri flokki til þess síðan Katrín Thoroddsen sat á þingi árin 1946–1949 fyrir Sósíalistaflokkinn. Í heil 22 ár áttu vinstri sinnaðar konur landsins sér þannig engan málsvara á þingi.<sup>146</sup> Svava tekur sæti á þingi á sama tíma og bylting var að eiga sér stað í kvenréttindabaráttu á Íslandi, en Rauðsokkahreyfingin hóf starfsemi sína hér á landi vorið 1970 og með henni kom hin svokallaða „önnur bylgja“ femínismans til landsins.<sup>147</sup> Rauðsokkahreyfingin setti sér háleit markmið, hún vildi vinna hart að því að útrýma öllu ójafnrétti sem ríkti milli kynjanna í íslensku samfélagi og meðal höfuðmála þeirra voru launajafnrétti kynjanna og dagheimilismál.<sup>148</sup> Þá voru málefni íslenskra verkakvenna rauðsokkum hugleikin og Svava því fullkomin talskona þeirra á þingi þar sem málefni hennar áttu eftir að varða jafnrétti kynjanna að miklu leyti, þar á meðal á sviði launajafnréttis og dagvistunarmála. Svava hafði eins og nefnt hefur verið „hrist [...] rækilega upp í umræðunni“

<sup>144</sup> *Þjóðviljinn* 11. maí 1971, bls. 7.

<sup>145</sup> *Þjóðviljinn* 15. júní 1971, bls. 1; 12.

<sup>146</sup> Skafti Ingimarsson, *Íslenskir kommúnistar*, bls. 182.

<sup>147</sup> Olga Guðrún Árnadóttir, „Vilborg Dagbjartsdóttir“, bls. 23.

<sup>148</sup> Ragnhildur Helgadóttir, „Selur þú þig í kvöld?“, bls. 80.

um stöðu kvenna á Íslandi með smásögum sínum og leikritum, og því var við engu öðru að búast en að hún myndi jafnframt hrista upp í sömu umræðu innan þingsins.<sup>149</sup>

Haustið 1971 lagði Svava fram sitt fyrsta frumvarp. Frumvarpið sneri að því að jöfn laun kynjanna yrðu sett í lög og að atvinnurekendum yrði með öllu óheimilt að mismuna starfsfólki sínu eftir kynferði, sama hvort við ætti laun, ráðningar, hlunnindi, vinnuskilyrði eða stöðuhækkunarir. Svava lagði einnig til að stofnaður yrði svokallaður Jafnlaunadómur sem ætti að sjá til þess að lögum um launajafnrétti yrði framfylgt og dæma í málum þar sem svo var ekki. Í frumvarpinu fer Svava yfir ástæður þess að slíkt fyrirkomulag sé nauðsynlegt. Hún sagði þá staðreynd blasa við að störf kvenna væru metin til lægri launa, að rík tilhneiging væri til þess að ganga fram hjá konum þegar kæmi að stöðuhækkunum og að konum væri oft beint í láglaunastöður óháð menntun, hæfni og reynslu. Því væri ljóst að íslensk lög tækju ekki mið af jafnréttishugmyndum í þessum málum og að reynslan hefði sýnt að lagasetningin ein og sér dygði ekki til þess að „fullkomið jafnrétti sé tryggt í þessum efnum.“ Því þyrfti að koma á fót stofnun eins og Jafnlaunaráð.<sup>150</sup> Í ræðu um stofnun ráðsins þann 6. desember 1972 sagðist Svava spá því að þegar farið yrði að líta á konur sem jafningja karla þegar kæmi að fyrirvinnu heimila þá yrði stofnun á borð við Jafnlaunaráð óþörf.<sup>151</sup> Svava tilgreindi aldrei hvenær hún tryði því að spá sín um tilgangssleysi Jafnlaunaráðs myndi rætast, en ljóst er að það hefur ekki gerst og verður líklegast ekki í bráð.<sup>152</sup> Frumvarp Svövu var að endingu samþykkt árið 1973 og var forveri jafnréttislaga sem samþykkt voru 1976 og áttu að tryggja jafnrétti kvenna og karla á sviði atvinnu, menntunar o.fl. Í kjölfarið var stofnað Jafnréttisráð sem hafði það hlutverk að annast framkvæmd þessara laga.<sup>153</sup> Svava sagði þó nokkru síðar frá því að þótt Jafnlaunaráðið hafi verið samþykkt og lögfest hafi hún þurft að berjast fyrir fjármagninu, þó það væri aðeins fyrir starfsmanni og skrifstofu, því „þingmönnum hafi þótt jafnréttið ágætt, það mátti bara ekki kosta neitt.“<sup>154</sup>

Svava hélt áfram að beita sér fyrir jafnréttismálum inni á þingi og vorið 1973 lagði hún fram frumvarp um breytingar á lögum um heimilishjálp frá 1952. Málið hafði hún lagt fram á

<sup>149</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Þingkonan Svava Jakobsdóttir“, bls. 44.

<sup>150</sup> Frv. til laga um Jafnlaunadóm, þskj. 52. *Alþingistíðindi* 1971-1972, A: 375-377.

<sup>151</sup> *Alþingistíðindi* 1972-1973, B, d. 1057-1065.

<sup>152</sup> Enn þann dag í dag skipar forsætisráðherra ellefu manna Jafnréttisráð eftir hverjar alþingiskosningar sem hefur það hlutverk að sinna ráðgjöf við faglega stefnumótun er tengist jafnrétti kynjanna, með áherslu á vinnumarkaðinn. Í júní árið 2017, 44 árum eftir að frumvarp Svövu um Jafnlaunaráð varð að lögum, var einnig fest í lög svokölluð jafnlaunavottun og er meginmarkið hennar að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Upplýsingar um Jafnréttisráð og Jafnlaunavottun má finna á heimasíðu Stjórnarráðsins.

<sup>153</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Þingkonan Svava Jakobsdóttir“, bls. 44. og Frv. til laga um jafnstöðu kvenna og karla, þskj. 192. *Alþingistíðindi* 1975-1976, A: 1320-1325.

<sup>154</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Þingkonan Svava Jakobsdóttir“, bls. 45.

fyrri þingi en það hlaut ekki afgreiðslu þá, og var því flutt aftur óbreytt 3. apríl 1973. Lögin frá 1952 hljóðuðu svo að húsmóðir nyti aðeins aðstoðar heimilishjálpar vegna veikinda eða annarra skyldra orsaka, og var því verið að útiloka útivinnandi mæður frá slíkri aðstoð. Svava lagði til að bætt yrði inn texta á eftir 1. málsgrein sem mælti til um að „[h]jálp má einnig veita samkvæmt lögum þessum vegna veikinda barna eða fullorðinna, ef þeir, sem veita heimilinu forstöðu, eru bundnir af atvinnu utan heimilisins.“ Með þessari viðbót vildi Svava sporna við þeirri þróun að útivinnandi mæður stæðu oftast frammi fyrir því að verða að biðja um leyfi frá störfum vegna veikinda barna sinna, og væru þ.a.l. álitnir verri starfskraftar og byggju við skert atvinnuöryggi. Frumvarpið var samþykkt 1. apríl árið 1974.<sup>155</sup> Í desember 1975 lagði Svava fram frumvarp um að koma á Lánasjóði dagvistunarheimila sem rekinn yrði af ríkinu. Tilgangur sjóðsins skyldi vera að stuðla að byggingu dagvistunarheimila með lánveitingum, en Svava sagði vera brýna þörf fyrir uppbyggingu slíkra heimila í landinu vegna breyttra viðhorfa til þjóðfélagsþátta sem ollu því að æ fleiri konur voru útivinnandi. Líkt og svo oft áður með dagvistunarmál dagaði mál Svövu upp í nefnd.<sup>156</sup>

Svava var mjög samstíga rauðsokkunum á meðan hún sat á þingi, en á þessum tíma voru málefni útivinnandi kvenna efst á baugi hjá hreyfingunni og öðrum fémínistum landsins. Frumvörp Svövu um dagvistunarheimili, heimilishjálp og jafnlaunaráð snúa öll að þeim þjóðfélagshóp en útivinnandi konur voru í síauknum mæli að rekast á hindranir á borð við skort á dagvistun fyrir börnin sín og færri tækifæri á atvinnumarkaðnum samanborið við karla.<sup>157</sup> Í ræðu um frumvarp til nýrra jafnréttis laga vorið 1976 fór Svava yfir áherslur KRFÍ varðandi frumvarpið sem lutu m.a. að launajöfnuði, rétti til leyfis í veikindum barna og dagvistunarheimilum. Í lok ræðunnar sagði hún svo að heildarniðurstaðan væri sú að „til að tryggja að bæði kynin sitji við sama borð verður að gera ráðstafanir til að allir geti gegnt foreldrahlutverki sínu jafnframt vinnu utan heimilis.“<sup>158</sup> Svava þekkti það af eigin raun hvaða veggj útivinnandi konur gátu rekið sig á en hún þurfti sjálf að hætta að vinna á árunum 1960-1964, en hún hafði alltaf unnið meðfram námi og heimilishaldi fram að því. Ástæða þess var sú að fyrst eiginmaður hennar hafði lokið námi og því átti hún ekki lengur rétt á plássi fyrir son sinn á barnaheimili.<sup>159</sup>

Um miðjan áttunda áratuginn urðu harðar deilur milli fólks og flokka um frjálsar fóstureyðingar og nýja fóstureyðingalöggjöf. Svava var meðal þeirra sem voru hlynnt nýrri og

<sup>155</sup> Frv. til laga um heimilishjálp í viðlögum, þskj. 138-139. *Alþingistíðindi* 1973-1974, A: 666-667.

<sup>156</sup> Frv. til laga um Lánasjóð dagvistunarheimila, þskj. 135-137. *Alþingistíðindi* 1975-1976, A: 471-473.

<sup>157</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Þingkonan Svava Jakobsdóttir“, bls. 44.

<sup>158</sup> *Alþingistíðindi* 1975-1976, B, d. 4361-4362.

<sup>159</sup> Fríða Á. Sigurðardóttir, „Rithöfundakynning: Svava Jakobsdóttir“, bls. 26.

rýmri löggjöf og hélt hún sterka og áhrifamikla ræðu í apríl 1975 varðandi frumvarpið. Í upphafi ræðunnar gagnrýndi hún þá ákvörðun heilbrigðisráðherra að skipa nefnd þriggja karlmannna til þess að endurskoða frumvarpið, en þeir felldu að endingu burt ákvæðið um ákvörðunarrétt kvenna og færðu hann þannig úr höndum þeirra og í hendur embættismanna. Hún gagnrýndi einnig þá tilhneigingu manna til að geta fallist á fóstureyðingar vegna fátæktar eða einhverra skyldra ástæðna, og þá undir forsjá ríkisins og lærðra manna, en að óttast hins vegar afleiðingarnar ef þessi ákvörðunarréttur yrði færður í hendur kvenna að fullu, og reifar mögulegar ástæður þessa ótta:

[þ]á muni gerast annað hvort: Að hið synduga eðli hennar nái yfirhöndinni, konur muni sækjast eftir fóstureyðingu af léttúð, hætta að nota getnaðarvarnir og lausung eflast í landinu — og ef ekki þetta, þá af hvötum sem stafa af hinni kenningunni um konuna, að hana skorti þroska, þrek, dómgreind og siðgæðisvitund og því sé þessi örlagaríka ákvörðun best komin í höndum karlmannna.

Orðalag Svövu var slíkt að fáir hefðu viljað svara þessu og hvað þá velja annan hvorn valkostanna. Hún gengisfellir svo þessar mögulegu ástæður með því að leggja fram tillögu að ákvæði inn í frumvarpið, þar sem gerð yrði grein fyrir því hvað skyldi gera ef kona sem væri læknir eða félagsráðgjafi skyldi óska eftir fóstureyðingu, og bætir svo hnyttin við „[e]r hún talin fær um að dæma í eigin máli í krafti sérþekkingar sinnar eða koðnar lærdómur hennar og dómgreind niður í ekki neitt þegar hún er orðin vanfær kona?“<sup>160</sup>

Svava var ávallt mikill herstöðvarandstæðingur og lagði fram nokkrar þingsályktunartillögur um þau efni á árunum 1975-1979 sem vörðuðu bann við geymslu kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði, úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu og uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin. Á síðustu tveimur árum sínum inni á þingi flutti Svava einnig tvö frumvörp er vörðuðu annars vegar atvinnuleysisbætur kvenna og hins vegar barnsburðarbætur kvenna. Í frumvarpinu um breytingar á atvinnuleysistryggingum árið 1977 leggur Svava til að felld verði úr gildi skerðingarákvæði sem sagði til um að bætur skyldu ekki greiddast þeim sem ættu maka sem hefði á síðustu 12 mánuðum haft hærri tekjur en það sem samsvaraði tvöföldum dagvinnutaxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Þetta skerðingarákvæði hafði í raun aðeins áhrif á giftar konur, en olli því að þær misstu margar rétt sinn á bótum vegna atvinnuleysis. Svava benti á að sjóðsfélagar greiddu í sjóðinn sem einstaklingar af grundvelli eigin vinnu, og fyrst iðgjaldsgreiðslurnar væru óháðar tekjum maka

---

<sup>160</sup> *Alþingistíðindi* 1974-1975, B, d. 2973-2978.



ættu atvinnuleysisbæturnar að vera það líka. Samþykkt var að færa frumvarpið í 3. umræður en málið kom svo ekki aftur upp í þingtíð Svövu.<sup>161</sup>

Í maí 1979 flutti Svava frumvarp með flokksfélaga sínum Bjarnfríði Leósdóttur um breytingar á lögum um almannatryggingar frá 1971. Breytingin fólst m.a. í því að bæta við 15. grein sem yrði svohljóðandi „[a]llar íslenskar konur, sem forfallast vegna barnsburðar, skulu njóta barnsburðarbóta í 90 daga samtals.“ Tilgangur frumvarpsins var að tryggja örugga afkomu allra kvenna eftir barnsburð, en þarna var það misjafnt eftir starfsstéttum hvort konur ættu rétt á barnsburðarfrí og/eða -bótum. Svava og Bjarnfríður sögðu þetta sjálfsögð réttindi sem allar konur ættu að búa við.<sup>162</sup> Málinu var vísað í nefnd og kom ekki aftur upp á þingtíð Svövu.

Laugardaginn 6. október 1979 birtist á forsíðu *Tímans* fyrirsögnin „Kratar sprengja ríkisstjórnina“ þegar Alþýðuflokkurinn tilkynnti að hann myndi draga sig úr ríkisstjórninni.<sup>163</sup> Boðað var til kosninga strax sama haust og fóru þær fram 2. og 3. desember.<sup>164</sup> Svava Jakobsdóttir tók þá ákvörðun að gefa ekki kost á sér á ný í þeim kosningum og tók því 16. sætið á G-lista Alþýðubandalagsins. Ástæðuna fyrir þessu sagði Svava vera að ritstörfin væru farin að kalla á hana aftur, en eins og nefnt var hér að ofan gaf hún lítið sem ekkert út á meðan á þingtíð hennar stóð sem náði yfir næstum heilan áratug. Um veru sína á þingi hafði Svava þetta að segja: „Þegar ég lít um öxl, er mér efst í huga þakklæti til alls þess fólks sem hefur stutt mig persónulega og flokkinn og veitt honum brautargengi.“ Hún bætti svo við að stefna flokksins ætti sér mikinn hljómgrunn hjá íslensku þjóðinni og að hann ætti að ganga ótrauður til kosninga og hvika ekki frá sínum sósíalísku grundvallarmarkmiðum.<sup>165</sup> Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkurinn enduðu á því að tapa fylgi í kosningunum.

#### 4.6 Störf eftir þing

Eftir þingstörfin sagði Svava að mestu leyti skilið við stjórn málin og sneri sér á ný að ritstörfunum. Hún gaf út sex smásagnasöfn á árunum 1979–2001 ásamt þremur leikritum og einni skáldsögu. Svava sat á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árin 1972, 1974, 1977 og 1983, var í Rithöfundaráði 1978–1980, í Norðurlandaráði 1978–1980, safnráði Listasafn Íslands 1979–1983 og í stjórn Leikskáldafélags Íslands 1986–1990. Einnig var hún fulltrúi Íslands í jafnréttisnefnd Norðurlanda árin 1980–1983 og tilnefnd af ráðherra árið 1979 til að

<sup>161</sup> *Alþingistíðindi* 1976-1977, B, d. 3663-3678.

<sup>162</sup> Frv. til laga um almannatryggingar, þskj. 620-621. *Alþingistíðindi* 1978-1979, A: 2215-2216.

<sup>163</sup> *Tíminn* 6. október 1979, bls. 1.

<sup>164</sup> *Þjóðviljinn* 9. október 1979, bls. 1; 4.

<sup>165</sup> *Þjóðviljinn* 19. október 1979, bls. 4.

vera fulltrúi Íslands í samráðshópi sem átti að gera úttekt á menningarsamstarfi Norðurlandanna á árunum 1972–1978.<sup>166</sup>

Svövu hefur verið lýst sem framúrskarandi og áhugaverðu skáldi, sem kvenskörungum miklum og sem þeirri þingkonu sem kom jafnréttismálum á dagskrá á Alþingi á áttunda áratugnum.<sup>167</sup> Ármann Jakobsson, rithöfundur og prófessor í íslenskum bókmenntum, lýsti því þannig þegar hann fór til fundar við Svövu í fyrsta sinn að honum hafi nánast liðið eins og hann væri að fara að bera áttunda undur veraldar augum, en að svo hafi tekið á móti honum „frekar lágvaxin kona, vinsamleg og virtist jafn feimin að hitta mig og ég hana.“ Hann lýsti Svövu sem „venjulegri en flestir“ og að oft væri eins og Svava „sæi einfaldan sannleika á bak við allar flækjurnar“ ásamt því að vera „meistari í að taka heiminn alvarlega án þess að verða hátíðleg.“<sup>168</sup>

---

<sup>166</sup> Vef. „Svava Jakobsdóttir“ → [www.althingi.is](http://www.althingi.is)

<sup>167</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Þingkonan Svava Jakobsdóttir“, bls. 45.

<sup>168</sup> Ármann Jakobsson, „Aðfaraorð“, bls. 12-13.

## 5. Katrín, Svava og aðrar konur á Alþingi

### 5.1. Samanburður

Við vinnu þessarar ritgerðar kom fljótt í ljós hversu mikil vöntun er á heimildum um líf íslenskra stjórnmalakvenna. Flóra ævisaga karlkyns stjórnmalamanna virðist nær endalaus en þegar farið að að grennslast um bækur, greinar eða umfjöllun um stjórnmalakonur er nánast gripið í tómt. Ragnheiður Kristjánsdóttir segir frá því í grein sinni „Nýr söguþráður“ hvernig athyglinni á vettvangi kvenna- og kynjasögu hefur mest megnis verið beint að þeim konum sem voru mest áberandi í umræðunni og höfðu einhver völd. Konur eins og Ingibjörg H. Bjarnason og Bríet Bjarnhéðinsdóttir eru meðal þeirra sem finnast hvað mestar heimildir um, en þær konur sem afrekuðu minna og höfðu lítil formleg völd eiga hættu á að tynast í sögunni.<sup>169</sup> Guðmundur Hálfðánarson hefur líkt þessari tilhneigingu við gömlu biskupasöguhefðina, þar sem oft er rækilega fjallað um mannkosti „söguhetjunnar“ og helst aðeins fjallað um tiltekin, sérvalin æviskeið í lífi hennar.<sup>170</sup> Þess utan er stjórnmalasögu kvenna alla jafnan komið fyrir í neðanmálgreinum og þeim ekki gefið pláss sem höfuðpersónur, líkt og þekkist með kvennasögu almennt. Erla Hulda Halldórsdóttir benti t.a.m. á það að í bók Helga Skúla Kjartanssonar, *Ísland á 20. öld*, er fjallað um kvennapólitík fyrstu áratuga tuttugustu aldar í kafla um menningu og samfélag en ekki stjórnmalakaflanum.<sup>171</sup> Tímabilið sem fær það óhentuga pláss er tímabilið þegar kvenréttindaskörungar voru m.a. að berjast fyrir kosningarétti og kjörgengi kvenna, og á því að sjálfsgöðu heima í kafla um stjórnmal.

Katrín Thoroddsen og Svava Jakobsdóttir voru brautryðjendur á mörgum sviðum og studdu báðar margvísleg baráttumál er lutu að kvenréttindum bæði inni á þingi sem og utan þess. Bakgrunnur þeirra var svipaður, þær bjuggu við góðan kost sem börn og höfðu aðgang að grunn- og framhaldsmenntun. Þær völdu ólíkar leiðir í starfsframa en hófu báðar stjórnmalapátttöku sína á svipuðum aldri og héldu svo aftur í sín fyrri störf eftir þingsetu. Þrátt fyrir að tæpur aldarfjórðungur hafi liðið á milli þingsetu kvennanna tveggja má sjá mikil líkindi með málefnum sem þær tóku fyrir. Þær voru báðar miklir sósíalistar og lutu því allflest mál þeirra að velferð alþýðunnar, þá aðallega kvenna, barna og þeirra sem minna máttu sín. Þær fluttu t.a.m. báðar fremur stór frumvörp um dagvistunarheimili og ræddu þann gífurlega skort á þeim sem ríkti í landinu á þeirra tímum. Í bæði skiptin dögðu málin upp í nefnd og skortur á dagvistun hélt áfram að hamla útivinnandi mæðrum um árabil. Katrín og Svava töluðu einnig

<sup>169</sup> Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Nýr söguþráður“, bls. 9-10.

<sup>170</sup> Guðmundur Hálfðánarson, „Biskupasögur hinar nýju“, bls. 169.

<sup>171</sup> Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Nýr söguþráður“, bls. 22.

báðar fyrir nýjum og rýmri fóstureyðingarlögum. Eins og fjallað var um hélt Katrín eftirminnilegan og umdeildan fyrirlestur árið 1931 um takmörkun barneigna með getnaðarvörnum og fóstureyðingum. Í honum sagðist hún vera á þeirri skoðun að konan sjálf ætti að vera réttærra en það „samansafn“ af frumum sem fóstrið væri, og var talsvert á undan sinni samtíð í þeim efnum. Svava hélt mikla eldræðu á þingi árið 1975 í umræðum um rýmri fóstureyðingarlöggjöf þar sem hún gagnrýndi m.a. tilhneigingu fólks til þess að þræta um hvenær líf kvikni hjá fóstri, sem og þá ákvörðun nefndarinnar<sup>172</sup>, sem skipuð var til endurskoðunar á frumvarpinu, að fjarlægja ákvæðið um sjálfsákvörðunarrétt kvenna í tengslum við fóstureyðingar. Líkt og sönnum sósíalístum sáemir voru Katrín og Svava báðar harðvítugir hernaðarandstæðingar og töluðu fyrir takmörkun hernaðarinngrípa hér á landi sem og gegn veru Íslands í Atlantshafsbandalaginu.

Þegar Katrín var kjörin á þing var hún þriðja konan til að taka þar sæti. Árin 1926–1970 hafa stundum verið kölluð „þöglu árin“ í kvenréttindabaráttunni<sup>173</sup>, þ.e. árin eftir að kosningarétturinn og kjörgengið voru komin í höfn og fyrsta konan komin inn á þing, og þar til hin róttæka Rauðsokkahreyfing kom fram á sjónarsviðið. Einhverjir eru þó ósammála þessu, til dæmis Sigríður Th. Erlendsdóttir sem fjallar um það í greininni *Til færri fiska metnar* þar sem hún fer yfir störf KRFÍ á tímabilinu á milli fyrstu og annarrar bylgju femínismans hér á landi.<sup>174</sup> Það er þó dagsljóst að þótt tímabilið hafi ekki verið alveg þöglu þegar kom að kvenréttindabaráttu þá ríkti ákveðin lognmolla á meðan á því stóð, þá sérstaklega í þátttöku kvenna á stjórnmalasviðinu. Á þessu nánast hálfra aldar tímabili voru aðeins sjö konur kjörnar á þing. Af þessum sjö konum sem voru kjörnar á þing fyrir 1970 var Katrín sú eina sem kom úr vinstri flokki. Ein af þeim spurningum sem lagt var upp með í byrjun þessarar ritgerðar var sú hvers vegna svo langt leið á milli þingsetu Katrínar og Svövu, og þar af leiðandi hvers vegna vinstri flokkum hér á landi gekk svo hægt að koma sínum konum inn á þing. Til þess að reyna að svara því þarf fyrst að skoða sérstöðu íslenskrar flokkapólitíkur samanborið við hin Norðurlöndin.

Sósíaldemókrataflokkar voru að jafnaði meðal stærstu flokka á öllum Norðurlöndunum nema á Íslandi, en hér var mun stærri og sterkari flokkur á hægri vængnum. Fyrsti íslenski sósíaldemókrataflokkurinn, Alþýðuflokkurinn, náði aldrei að verða öflugur fjöldaflokkur líkt og bræðraflokkar hans í nágrannalöndunum, og má skýra það með ýmsum hætti. Aðstæður á Íslandi voru allt aðrar en á hinum Norðurlöndunum í lok 19. aldar og við byrjun þeirrar

---

<sup>172</sup> Nefndin var skipuð af þremur karlmönnum en engri konu.

<sup>173</sup> Rakel Adolphsdóttir, *Nýjar konur*, bls. 7.

<sup>174</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, „Til færri fiska metnar“.

tuttugustu. Rannsóknir hafa bent til þess að sósíaldemókrataflokkum vegni betur þar sem iðnþróun er komin lengra á veg, eins og t.d. á hinum Norðurlöndunum á þessum tíma. Undir lok 19. aldar þegar fyrstu sósíaldemókrataflokkarnir voru að myndast á Norðurlöndunum unnu sárafáir Íslendingar við launuð störf í þéttbýlum og því lítil þörf á sósíalískum flokki. Rannsóknir hafa einnig bent til þess að fylgi sósíaldemókrataflokka fylgi lýðræðisþróun og tilkalls til aukins jafnréttis meðal þegna ríkisins. Eitt helsta markmið slíkra flokka í nágrennalöndum á síðustu áratugum 19. aldar var að festa lýðræðislegt stjórnarfar í sessi. Á Íslandi má segja að lýðræðisþróunin hafi verið komin vel á veg á öðrum áratug 20. aldar þegar Alþýðuflokkurinn var stofnaður, þó kvenréttindabaráttan hafi enn verið að berjast fyrir fullum borgaralegum réttindum kvenna. Samspil þessara tveggja þátta, iðnvæðingar og lýðræðisþróunar, gerði það að verkum að Alþýðuflokkurinn átti erfitt með að fóta sig í íslensku samfélagi.<sup>175</sup> Íhaldsflokkar hafa alla tíð verið öflugir hér á landi og hægri vængurinn haldið meirihluta margar kosningar í röð. Smæð vinstri vængsins á Íslandi er því ein möguleg útskýring á því hvers vegna vinstri flokkum gekk svo erfiðlega eins og raun ber vitni að koma konum inn á þing. Það er þó ekki fullnægjandi útskýring. Ef raunverulegur vilji hefði verið fyrir hendi til þess að koma konum inn á þing hefði þeim einfaldlega verið komið fyrir í einhverju af öruggu sætum á listum flokkanna. Það var sjaldnast gert.

Þegar vinstri flokkar tefldu svo konum fram á framboðslistum sínum er vert að spyrja hvort það hafi verið gert vegna trúar á getu þeirra og hæfni eða til þess eins að reyna að ná í atkvæði sósíalískra kvenna. Var konunum viljandi komið fyrir í sætum sem voru nógu ofarlega til þess að vekja athygli en þó ekki nógu ofarlega til þess að þær næðu örugglega inn á þing? Voru stefnur flokkanna feminískar í grunninn eða voru þetta aðeins ráð flokkstjórnenda til þess að auka vægi flokksins?<sup>176</sup> Áður hefur verið bent á að í fyrstu stefnuskrám Alþýðuflokksins, Sósíalistaflokksins og íslenska Kommúnistaflokksins hafi verið fátt að finna um kvenréttindabaráttu. Megináherslan var á stéttabaráttu, þótt orðræðan benti til að konur og karlar ættu að sameinast í þeirri baráttu til þess að „frelsast“ og ná þannig fram jafnrétti í samfélaginu. Í landskjörkosningunum sumarið 1926 voru tvær konur á framboðslista Alþýðuflokksins og var önnur þeirra í öðru sæti listans. Mánuði fyrir kosningarnar voru frambjóðendur listans kynntir í *Alþýðublaðinu*, málgagni flokksins. Þar var tekið sérstaklega fram að listinn væri skipaður „þrautreyndum flokksmönnum“ og að sæti þeirra á listanum hafi verið ákveðið vegna hæfni þeirra en ekki kynferðis.<sup>177</sup> Forvitnilegt er að velta því fyrir sér hvort

<sup>175</sup> Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, bls. 131-134.

<sup>176</sup> Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Nýr söguþráður“, bls. 27.

<sup>177</sup> *Alþýðublaðið* 5. júní 1926, bls. 2.

góður árangur Kvinnalistans eldri í landskosningum fjórum árum áður, þar sem listinn hlaut 22% atkvæða og einn mann á þing hafi jafnvel spilað þar hlutverk. Var Alþýðuflokknum skyndilega annþ um að ná konu inn á þing fyrir flokkinn, þarna í þriðju alþingiskosningunum sínum, eða hafði flokkstjórnin litið til velgengni Kvinnalistans og séð þar tækifæri til að fiska fleiri atkvæði? Tók flokkurinn það mögulega sérstaklega fram í *Alþýðublaðinu* að kynferði frambjóðenda á listanum skipti engu máli til þess að ná til sósíalískra kvenna án þess styggja íhaldssamari kjósendur sem enn voru tortryggir um eða andvígir þátttöku kvenna á stjórnmalasviðinu?

Kristín Ástgeirsdóttir ræðir svipaðar hugleiðingar í grein sinni „Kvennaframboðið til Alþingis 1926“ og viðbrögð annarra flokka við Kvinnalistanum það árið. Hún segir *Alþýðublaðið* hafa verið hvað harðorðast í garð Kvinnalistans þar sem ýmsar innsendar greinar birtust fyrir kosningarnar sem töluðu gegn listanum. Ein helsta gagnrýnin á listann í *Alþýðublaðinu* var sú að hann var skipaður af konum úr öllum flokkum nema Alþýðuflokknum, og væri því um borgaralegt framboð að ræða sem ætti ekki samleið með alþýðunni. Þá var nafni Ingibjargar H. Bjarnason einnig teflt fram sem varnarorðum gegn því að kjósa Kvinnalistan. Ingibjörg hafði tveimur árum áður gengið til liðs við Íhaldsflokkinn og missti þar með talsvert traust kjósenda sinna, sérstaklega alþýðukvenna.<sup>178</sup> Alþýðuflokkurinn var þó einnig gagnrýndur fyrir kosningarnar 1926, sem og Íhaldsflokkurinn sem þó tefldi fram konum á lista en Inga Lára Lárusdóttir skrifaði í *19. júní* í maí 1926 að þær konur væru:

teknar með fyrir siða sakir, en alls ekki í þeirri veru, að koma þeim inn á þing. Þær standa þarna sem beita fyrir kvenkjósendur, eru hafðar til að „punta“ upp á listana, til þess að svo líti út sem tekið sé tillit til kvenna yfirleitt. En þetta eru blekkingar. Listarnir eru allir listar karlmannna eingöngu, engin sú kona, er þar stendur, hefur minstu von um að verða kosin.<sup>179</sup>

Á árunum 1922, þegar Ingibjörg H. Bjarnason var kjörin inn á þing fyrst kvenna, til ársins 1946, þegar Katrín Thoroddsen var kjörin inn á þing fyrst kvenna úr vinstri flokki, voru konur samtals 18 sinnum<sup>180</sup> á framboðslistum vinstri flokkanna þriggja í tíu alþingiskosningum.<sup>181</sup> Á sama tímabili voru konur samtals 14 sinnum á framboðslistum hjá Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum. Sjálfstæðisflokkurinn náði á þessu tímabili einni konu inn á þing í fjórum kosningum frá 1930–1937. Á tímabilinu frá árinu 1949, eftir að

<sup>178</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Kvennaframboðið til Alþingis 1926“, bls. 334-346.

<sup>179</sup> *19. júní*, maí 1926, bls. 33.

<sup>180</sup> Oftast sömu konurnar oftast en einu sinni.

<sup>181</sup> Alþýðuflokkurinn, Kommúnistaflokkurinn og Sósíalístaflokkurinn.

Katrín vék af þingi, til ársins 1971, þegar Svava Jakobsdóttir var kjörin á þing, voru konur samtals 71 sinni á lista hjá vinstri flokkum í sjö kosningum. Það var því gífurleg aukning á framboði vinstri kvenna í alþingiskosningum eftir að Katrín sat á þingi, en sú aukning skilaði sér þó ekki inn á þing. Á sama tímabili voru konur 63 sinnum á framboðslistum hægri flokka og náðu þeir þremur konum inn.<sup>182</sup> Vinstri flokkarnir settu konur oftár á framboðslista sína en þeir hægri, en ef lítið er til þess hvaða sæti konurnar tóku á listunum má sjá að þrátt fyrir almennt minna fylgi voru vinstri flokkarnir að setja konurnar í svipuð sæti og þeir hægri. Því voru meiri líkur á því að hægri flokkarnir myndu ná konum inn á þing en þeir vinstri.

Engu að síður liggur nánast í augum uppi að vilji vinstri flokkanna til að gæta jafnréttis innan flokka sinna náði ekki langt. Flokkarnir lögðu allir orð í belg þegar kom að umræðum um réttindamál kvenna, starfræktu kvenfélög innan flokkanna og settu konur á lista. En það var ekki nóg. Framtakssemin náði of grunnt. Kvenfélög innan flokka sem og utan þeirra hvöttu til þess að konum yrðu gefin örugg sæti á listum en það gerðist þó ekki fyrr en árið 1946 þegar Katrín Thoroddsen var í fjórða sæti framboðslista Sósíalístaflokksins og var kjörin á þing. Konur voru nánast aldrei settar ofar en í þriðja sæti á listum vinstri flokka á tímabilinu 1949 til 1971, en Svava Jakobsdóttir var í þriðja sæti á lista Alþýðubandalagins þegar hún var kjörin á þing. Fyrsti og eini flokkurinn til þess að setja konu í fyrsta sæti á framboðslista á þessu tímabili sem um ræðir var Framsóknarflokkurinn sem setti Rannveigu Þorsteinsdóttur í efsta sæti listans fyrir kosningarnar 1949 og 1953.<sup>183</sup> Það var þó í Reykjavík þar sem flokkurinn hafði mun minna fylgi en í öðrum kjördæmum. Hinn „upphaflegi“ vinstri flokkur, Alþýðuflokkurinn, kom ekki konu inn á þing fyrr en árið 1978 þegar Jóhanna Sigurðardóttir varð þingmaður.<sup>184</sup>

Þá er vert að nefna í sambandi við hina þyrnum stráðu slóð kvenna inn á þing þær kenningar um það hvernig kosningakerfi geti viðhaldið völdum forréttindahópa. Kjördæmaskipunin sem ríkti á Íslandi mest alla 20. öldina olli því að fulltrúar dreifbýlis höfðu greiðari aðgang að Alþingi og voru meirihlutakosningar í einmennings- eða tvímenningskjördæmum einnig óhagstæðar minni flokkum. Vinstri flokkar lentu t.a.m. í erfiðri stöðu vegna þessa þar sem þeir sóttu atkvæði sín aðallega til efnaminna fólks í þéttbýli, þ.e. verkalýðsins, og voru töluvert minni flokkar en þeir hægri. Skýrt dæmi um þennan ójöfnuð má finna í úrslitum þingkosninganna árið 1923 þegar Alþýðuflokkurinn fékk rúm 16% atkvæða en aðeins einn mann á þing á meðan Framsóknarflokkurinn fékk aðeins 10% fleiri atkvæði en 13 menn á þing. Eitt baráttumála Alþýðuflokksins var enda að breyta kosningafyrirkomulaginu

<sup>182</sup> *Kosningaskýrslur* Reykjavík 1988, 1. og 2. bindi.

<sup>183</sup> *Kosningaskýrslur* Reykjavík 1988, 1. bindi.

<sup>184</sup> Vef. „Jóhanna Sigurðardóttir“, Alþingi → [www.althingi.is](http://www.althingi.is)

og kjördæmakerfinu, m.a. til þess að tryggja að fulltrúar flokkanna yrðu í „réttu hlutfalli við þann fólksfjölda, er hefur kosið þá.“ Kjördæmakerfið gat einnig haft áhrif á framboð kvenna, en í einmennings- og tvímenningskjördæmum voru minni líkur á að konur næðu kjöri þar sem viðhorfið var enn á þann veg að karlmenn ættu frekar tilkall til þingsetu, og konur því sjaldnar settar í örugg sæti þar sem fá sæti voru í boði. Í landskjöri, þegar landið var eitt stórt kjördæmi, vegnaði konum mun betur, eins og kom í ljós árið 1922 þegar Kvennalistinn bauð fram og náði einum manni á þing.<sup>185</sup>

## 5.2 Kvenréttindabarátta á Alþingi 1949-1971

Á þeim tæpa aldarfjórðungi sem leið á milli þingsetu fyrstu Katrínar og Svövu sátu fjórar konur á þingi, þrjár fyrir Sjálfstæðisflokkinn og ein fyrir Framsóknarflokkinn. Þessar konur voru Kristín L. Sigurðardóttir, Rannveig Þorsteinsdóttir, Ragnhildur Helgadóttir og Auður Auðuns. Þó málefni er vörðuðu kvenréttindi hafi ekki horfið af þingi með brotthvarfi Katrínar Thoroddsen þá er eins og þau hafi verið sett í aftursætið. Slík málefni höfðu vissulega aldrei verið áberandi en ákveðni og framsækni Katrínar dró þau í það minnsta upp á yfirborðið á þeim fáu árum sem hún sat á þingi, þrátt fyrir dræmar undirtektir annarra þingmanna. Algengustu málefnið er vörðuðu kvenréttindi lifðu enn á þinginu, líkt og tryggingamál og launajafnrétti, en lítið var um nýmæli eða að ögrandi málefni væru borin upp.

Kristín L. Sigurðardóttir sat á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn árin 1949-1953 og lagði m.a. fram frumvarp til laga um mæðralaun<sup>186</sup> og um breytingu á skattlögum svo hjón yrðu hvort um sig sjálfstæðir skattgreiðendur.<sup>187</sup> Báðum málum var vísað til frekari umræðna og komu ekki aftur upp í hennar tíð. Einnig lagði hún fram fyrirspurn um stöðu laga um jöfn launa karla og kvenna, og sagði marga bíða frekari fregna í þeim málum. Rannveig Þorsteinsdóttir sat á þingi fyrir Framsóknarflokkinn árin 1949-1953 og lagði m.a. fram nýstárlegt og framsækið frumvarp um forfallahjálp húsmæðra vegna veikinda eða annarra skyldra orsaka. Málið fór í nefnd og kom til baka með þeim útskýringum að ekki hafi náðst samkomulag um afgreiðslu þess m.a. vegna hve þess hve nýstárlegt það væri. Málinu var því vísað til ríkisstjórnar. Rannveig flutti það á ný síðarmeir undir heitinu „heimilishjálp í viðlögum“ og var málið þá samþykkt. Hún lagði einnig fram ályktun um að koma á vinnuhjálpi fyrir húsmæður og fékk samþykkt frumvarp til laga um barnalífeyrisgreiðslur til fráskilinna kvenna, ógiftra mæðra eða ekkna. Ragnhildur Helgadóttir sat á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn árin

<sup>185</sup> Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Eru atkvæðaseðlarnir við höndina?“, bls. 159-160.

<sup>186</sup> Fyrir ekkjur, fráskildar konur og ógiftar mæður.

<sup>187</sup> Líkt og Katrín Thoroddsen gerði árið 1946.



1956–1963.<sup>188</sup> Á því tímabili talaði hún m.a. fyrir orlofi húsmæðra, jöfnum launum karla og kvenna og ýmsum tryggingamálum er snertu konur. Svipaða sögu er að segja um Auði Auðuns sem sat á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn óslitið árin 1959–1974 og var t.a.m. fyrsti kvenráðherrann. Hennar ferill er langur og merkilegur, og talaði hún einnig fyrir orlofi húsmæðra, barnavernd og ýmsum tryggingarmálum. Sigríður Th. Erlendsdóttir segir í bókinni *Veröld sem ég vil* að þær konur er sátu á þingi á sjötta og sjöunda áratugnum, þ.e. þær konur sem nefndar voru hér á undan, hafi verið í nánnum tengslum við KRFÍ. Hún segir að óhætt sé að fullyrða að þessar konur hafi lagt „drjúgan skerf til baráttu fyrir bættum kjörum kvenna og barna þeirra“, en allar töluðu þeir á einhvern hátt fyrir tryggingarmálum sem voru konum og börnum til hagsbóta.<sup>189</sup>

Þó engin kona úr vinstri flokki hafi verið kjörin á þing á árunum 1949–1971 fór Adda Bára Sigfúsdóttir þó inn á þing sem varamaður fyrir Alþýðubandalagið árið 1957. Hún færði fram tillögu um skipan nefndar sem hefði það hlutverk að athuga að hve miklu leyti körlum og konum væru í raun greidd jafn há laun fyrir jafn verðmæta vinnu. Ragnhildur Helgadóttir sem sat á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn á þessum tíma flutti ræðu um tillöguna og studdi hana til framkvæmda. Tillagan var samþykkt árið 1958 og nefndin sett á laggirnar.<sup>190</sup> Árin 1953–1956 sat engin kona á þingi, og var það í síðasta sinn sem það var svo.<sup>191</sup>

---

<sup>188</sup> Hún settist svo aftur á þing fyrir sama flokk árin 1971-1979 og 1983-1991.

<sup>189</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem var*, bls. 263.

<sup>190</sup> *Alþingistíðindi* 1957-1958, D: 52-58.

<sup>191</sup> Allar upplýsingar um þingsetu kvennanna, frumvörp þeirra og önnur þingskjöl er að finna á Alþingisvefnum.

## Niðurstöður

Katrín og Svava störfuðu í ólíku umhverfi á Alþingi. Katrín virðist litlar undirtektir hafa fengið fyrir frumvörpum sínum er vörðuðu kvenréttindi og málefni þeirra sem minna máttu sín í samfélaginu. Málefni og frumvörp Svövu fengu strax meiri hljómgrunn en hjá Katrínu. Meðal frumvarpa Svövu sem voru samþykkt var stofnun Jafnlaunaráðs og breyting á lögum um heimilishjálp á þann veg að útivinnandi mæður hefðu einnig rétt á slíkri aðstoð. Ný og rýmri fóstureyðingarlöggjöf var einnig samþykkt árið 1975,<sup>192</sup> en Svava hafði sama ár flutt ræðu varðandi málið og stuðning sinn við það. Ýmsar samfélagslegar breytingar höfðu einnig átt sér stað á tímabilinu sem leið á milli þingsetu kvennanna. Kvenréttindabaráttan var orðin róttækari þegar Svava var kjörin á þing og konur eins og Katrín höfðu lagt grunn fyrir þau málefni sem Svava talaði fyrir. Þennan mun á velgengni kvennanna má þó örugglega einnig skýra að einhverju leyti með því að flokkur Svövu var í ríkisstjórn árin 1971-1974, en flokkur Katrínar var í stjórnarandstöðu 1947-1949.<sup>193</sup> Katrín talaði því fyrir hönd stjórnarandstöðunnar mestan hluta þingsetu sinnar, en eins og áður hefur verið nefnt eru þó heimildir fyrir því að flokksbræður Katrínar hafi gefið málefnum hennar lítinn gaum á þingi.<sup>194</sup> Þannig má setja fram þrjár ástæður fyrir því hvers vegna Svava naut meiri velgengni á þingi en Katrín. Í fyrsta lagi virðist Svava hafa haft meiri stuðning frá flokksbræðrum sínum sem og öðrum þingmönnum þar sem flokkurinn hennar var í ríkisstjórn stóran hluta þingsetu hennar. Í öðru lagi var kvenréttindabaráttan að ganga í gegnum ákveðna endurlífgun þegar Svava var kjörin á þing og málefnið sem hún talaði fyrir áttu töluverðan hljómgrunn með sístækkandi og róttækari hóps í samfélaginu. Í þriðja lagi hafði Katrín troðið slóð fyrir þær vinstri konur sem á eftir henni komu í þingstörfum. Hún talaði fyrir málefnum alþýðukvenna á þingi og benti á ýmsar misgerðir í garð kvenna og annarra minnihlutahópa samfélagsins sem höfðu lítið eða ekkert verið rædd á þessum vettvangi áður. Katrín var á marga vegu á undan sinni samtíð og talaði því oft fyrir daufum eyrum. Segja má að Svava hafi síðan tekið upp keflið á tíma þar sem jarðvegurinn var frjórri og samfélagið móttækilegra fyrir framsæknari hugmyndum.

Það hafði mikla þýðingu fyrir kvenréttindabaráttu þeirra tíma að fá Katrínu og Svövu inn á þing sem málsvara vinstri kvenna, og í raun allra kvenna. Báðar unnu þær að því að koma í gegn málefnum er vörðuðu kvenréttindi, þó það hafi ekki alltaf tekist að koma þeim í

---

<sup>192</sup> Frv. til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, þskj. 233. *Alþingistíðindi* 1974-1975, A: 868-880.

<sup>193</sup> „Ráðuneyti frá 1917“, Stjórnarráðið → [www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is)

<sup>194</sup> Arnþór Gunnarsson, „Kona í karlaveröld“, bls. 39-39 og Rakel Adolphsdóttir, Nýjar konur, bls. 64-65.

framkvæmd. Katrín fór með mörg málefni kvennahreyfingarinnar inn á stjórn málasviðið og gaf þeim þar áheyrn þeirra er stjórnðu landinu. Þó málefnið hafi oftast dagað upp í nefnd þá var þarna komið fordæmi fyrir slíkri umræðu á þingi. Svava hélt baráttunni svo áfram á áttunda áratugnum við betri undirtektir og kom fljótlega í gegn málum eins og stofnun Jafnlaunaráðs og rétti útivinnandi mæðra á heimilishjálp. Dagvistunarmálin héldu þó áfram að daga upp í nefnd líkt og hjá Katrínu. Með Katrínu og Svövu á þingi höfðu vinstri konur loks sinn málsvara þar inni. Þannig héldu þær málefnum alþýðukvenna á lífi innan þingsins þar sem þær töluðu fyrir bættum hag þeirra kvenna er minnst máttu sín í samfélaginu.

Þegar Katrín vék af þingi minntist hún veru sinnar þar með óbragð í munni, en þegar Svava ákvað að gefa ekki kost á sér á ný minntist hún veru sinnar á þingi með þakklæti í hjarta. Katrín og Svava höfðu samkvæmt því misjafna upplifun af þingstörfunum, að öllum líkindum vegna þess ólíka andrúmslofts og viðmóts sem þær bjuggu við á meðan þeim stóð. Katrín talaði fyrir erfiðum málefnum sem höfðu sjaldan eða aldrei verið rædd á þingi og gerði það af krafti. Athyglisvert hefði verið að sjá hvernig Katrínu hefði vegnað á þingi ef hún hefði náð endurkjöri í kosningunum 1949, en ef bæjarstjórnarferill hennar er skoðaður má glögglega sjá að barátta hennar fyrir réttindum alþýðunnar hélt ótraud áfram. Svava tók upp mál sem Katrín hafði barist fyrir í sinni tíð á þingi. Mál eins og þátttaka ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, hernaðarandstöðumál og rýmri fóstureyðingalöggjöf tengja konurnar tvær.

Það liggur fyrir að það hefði verið konum til mikilla hagsbóta að hafa fleiri málsvara á borð við Katrínu og Svövu á þingi um og upp úr miðri 20. öldinni. Eins og hefur áður komið fram eru margvíslegar ástæður sem gætu legið fyrir því að hartnær aldarfjórðungur leið á milli þingsetu kvennanna. Hvort sem það var tregða vinstri flokkanna við að setja konur í örugg sæti á framboðslistum, óhagstætt kosninga- og kjördæmakerfi eða rótgróin og íhaldssöm viðhorf í samfélaginu. Eflaust átti þetta allt hlut í máli, en þó er ljóst að ekki var ómögulegt að koma konum inn á þing, það skorti bara viljann til þess. Ári eftir að Svava vék af þingi varð Vigdís Finnbogadóttir forseti Íslands fyrst kvenna og varð um leið fyrsta konan í heiminum til þess að vera lýðræðislega kjörin í embætti forseta.<sup>195</sup> Þegar Ísland fékk sinn fyrsta kvenforseta voru þó aðeins þrjár konur á þingi, eða 5% þingmanna, þar af tvær úr vinstri flokkum. Sú staða átti hins vegar eftir að taka stakkaskiptum á næstu árum. Árið 1983 bauð Kvennalistinn seinni fram í alþingiskosningum og náði þremur konum inn á þing, ásamt sex konum úr öðrum flokkum. Árið 1983 voru konur því 15% þingmanna og fór hlutfallið hækkandi með nánast hverjum kosningum eftir það. Í dag eru konur um 38% þingmanna og hefur hlutfallið ekki verið svona

---

<sup>195</sup> Vef. „Forseti Íslands“, Konur og stjórn mála → [www.konurogstjornmal.is](http://www.konurogstjornmal.is)

lágt síðan árið 2008. Hlutfallið er vissulega hátt miðað við það tímabil sem þessi ritgerð fjallar um, en á árunum 1922-1971 fór hlutfall kvenna á þingi aldrei yfir 5%. Eftir kosningarnar haustið 2017 lækkaði hlutfall kvenna á þingi úr 47,6%, en það hafði aldrei verið hærra en þá, niður í 38% og var því um verulega afturför að ræða.<sup>196</sup>

Katrínu Thoroddsen og Svövu Jakobsdóttur hefur báðum verið lýst sem eldklárur og ákveðnum baráttukonum sem báru hag kvenna og alþýðunnar fyrir brjósti sér. Ef marka má lýsingar þeirra sem þekktu til þeirra var Katrín harðorðari og hvassari en Svava rólegri og feimnari. Báðar áttu þær það þó sameiginlegt að berjast af krafti fyrir þeim málefnum sem þær trúðu á og að sitja ekki á skoðunum sínum heldur varpa þeim óhræddar fram, oftar en ekki af mikilli orðfærni og jafnan, ef aðstæður kölluðu á, af eitraðri hnyttni.

---

<sup>196</sup> Vef. „Konur á þingi“, Alþingi → [www.althingi.is](http://www.althingi.is)

## Heimildaskrá

### Óprentaðar heimildir

#### *Lokaritgerðir*

Rakel Adolphsdóttir, Nýjar konur. Dýrleif, Elín og Kvenfélag sósíalista. MA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands, 2018.

Skafti Ingimarsson, Íslenskir kommúnistar og sósíalar. Flokksstarf, félagsgerð og stjórnmalabarátta 1918-1968. Doktorsritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands, 2018.

#### *Aðrar óprentaðar heimildir*

Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Eru atkvæðaseðlarnir við höndina? Páll Briem og reglur um kosningar“, *Hugmyndarheimur Páls Briem*, bls. 135-163.

#### *Vefheimildir*

Alþingi ([www.althingi.is](http://www.althingi.is))

Konur og stjórnmal ([www.konurogstjornmal.is](http://www.konurogstjornmal.is))

Stjórnarráðið ([www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is))

„Svava Jakobsdóttir“, [www.skald.is](http://www.skald.is) -> <https://www.skald.is/product-page/svava-jakobsdottir>

### Prentaðar heimildir

#### *Blöð*

*19. júní*, 1926

*Alþýðublaðið*, 1926

*Melkorka*, 1960

*Morgunblaðið*, 2007

*Tíminn*, 1979

*Þjóðviljinn*, 1946, 1949, 1950, 1954, 1970, 1971, 1979

#### *Aðrar prentaðar heimildir*

*Alþingistíðindi* (Reykjavík 1946-1948, 1957-1958, 1971-1979).

*Alþýðuflokkurinn. Nýr stjórnmalaflokkur: hvað hann er og hvað hann vill* (Reykjavík 1917).

Arnþór Gunnarsson, „Kona í karlaveröld“, *Sagnir* 11: 1 (1990), bls. 35-42.

Auður Styrkársdóttir, *Kvennaframboðin 1908-1926* (Reykjavík 1982).

Ármann Jakobsson, „Aðfaraorð“, *Kona með spegil*. Ritstjóri Ármann Jakobsson (Reykjavík 2005), bls. 11-13.

Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir (Reykjavík 1998).

Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949: innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið og óeirðirnar á Austurvelli* (Reykjavík 1976).

Bessí Jóhannsdóttir, „Ingibjörg H. Bjarnason alþingismaður“, *Auðarbók Auðuns: afmælisrit*. Ritstjórar Elín Pálmadóttir, Hannes H. Gissurarson og Ragnhildur Helgadóttir (Reykjavík 1981), bls. 54-67.

Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson, *Íslandssaga til okkar daga*. Anna Agnarsdóttir, Gunnar F. Guðmundsson og Magnús Þorkelsson sáu um útgáfu (Reykjavík 1991).

Cowman, Krista, „The Political Autobiographies of Early Women MPs“, *The Aftermath of Suffrage. Women, Gender, and Politics in Britain, 1918-19145*. Ritstjórar Julie V. Gottlieb og Richard Toye (New York 2013), bls. 203-223.

Dagný Kristjánsdóttir, „Hvert einasta orð er mikilvægt: viðtal við Svövu Jakobsdóttur“, *Kona með spegil*. Ritstjóri Ármann Jakobsson (Reykjavík 2005), bls. 30-43.

Fríða Á. Sigurðardóttir, „Rithöfundakynning: Svava Jakobsdóttir“, *Kona með spegil*. Ritstjóri Ármann Jakobsson (Reykjavík 2005), bls. 26-29.

Gerður Kristný, „Grasaferð að læknisráði“, *Kona með spegil*. Ritstjóri Ármann Jakobsson (Reykjavík 2005), bls. 44-55.

- Grossmann, Atina, „Introduction“, *Women and Socialism / Socialism and Women. Europe Between the Two World Wars*. Ritstjórar Helmut Gruber og Pamela Graves (Oxford 1998), bls. 47-55.
- Guðmundur Hálfðánarson, „Biskupasögur hinar nýju“, *Saga* 31: 1 (1993), bls. 169-190.
- Guðrún Gísladóttir og Valgerður Gísladóttir, „Katrín Thoroddsen“, *Réttur* 59: 2 (1976), bls. 97-103.
- Harrison, Brian, „Women in a Men's House. The Women M.P.s, 1919-1945“, *The Historical Journal* 29: 3 (1986), bls. 623-654.
- Katrín Thoroddsen, „Áróður og ofnæmi“, *Melkorka* 1 (1944), bls. 11-17.
- Katrín Thoroddsen, „Eyðing Íslandsbyggðar“, *Tímarit máls og menningar* 8: 2 (1945), bls. 169-172.
- Katrín Thoroddsen, *Friðsars ástir: erindi um takmarkanir barneigna* (Reykjavík 1931).
- Kosningaskýrslur* (Reykjavík 1988).
- Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“ *Andvari* 132: 1 (2007), bls. 11-68.
- Kristín Ástgeirsdóttir, „Kvennaframboðið til Alþingis 1926“, *Afmælisveðja til Háskóla Íslands*. Ritstjórar Sigríður Stefánsdóttir, Kristján Kristjánsson og Jón Hjaltason (Akureyri 2003), bls. 329-354.
- Kristín Ástgeirsdóttir, „Þingkonan Svava Jakobsdóttir“ *Vera* 23: 2 (2004), bls. 44-45.
- Margrét Guðmundsdóttir, „Verðir heilbrigðinnar: Hjúkrunarfélagið Líkn 1915-1935“, *Söguspegill: afmælisrit Árbæjarsafns*. Ritstjóri Helgi M. Sigurðsson (Reykjavík 1992), bls. 258-279.

- Njörður P. Njarðsvík, „Undir verndarvæng“, *Afmælisrit til dr. phil. Steingríms J. Þorsteinssonar 2. júlí 1971*. Ritnefnd Aðalgeir Kristjánsson o.fl. (Reykjavík 1971), bls. 117-127.
- Njörður P. Njarðsvík, „Veizla undir grjótvegg“, *Skírnir* 1 (1968), bls. 178-179.
- Olga Guðrún Árnadóttir, „Vilborg Dagbjartsdóttir“, *Á rauðum sokkum: baráttukonur segja frá*. Ritstjóri Olga Guðrún Árnadóttir (Reykjavík 2011), bls. 23.
- Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Nýr sögurþráður: hugleiðingar um endurritun íslenskrar stjórnsmálasögu“, *Saga* 52: 2 (2014), bls. 7-32.
- Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk: þjóðerni og verkalyðsstjórnsmál 1901-1944* (Reykjavík 2008)
- Ragnhildur Helgadóttir, „Selur þú þig í kvöld?“, *Sagnir* 14: 1 (1993), bls. 78-85.
- Rasmussen, Jorgen S., „The Political Integration of British Women. The Response of a Traditional System to a Newly Emergent Group“, *Social Science History* 7: 1 (1983), bls. 61-95.
- Sigríður Th. Erlendsdóttir, „Til færri fiska metnar“, *Íslenskar kvennarannsóknir*. Ritstjórar Helga Kress og Rannveig Traustadóttir (Reykjavík 1997), bls. 279-289.
- Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil. Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907-1992* (Reykjavík 1993).
- Sigurður Lýðsson, „Skúli Thoroddsen ritstjóri og alþingismaður“, *Andvari* 45 (1920), bls. 1-32.
- Sigurður Thoroddsen, *Eins og gengur: endurminningar*. Halldóra Thoroddsen bjó undir prentun (Reykjavík 1984).
- Soffía Auður Birgisdóttir, „Lífið, leitun, listin“, *Kona með spegil*. Ritstjóri Ármann Jakobsson



(Reykjavík 2005), bls. 14-25.

Sósíalístaflokkurinn, *Stofnun Sameiningarflokks alþýðu – Sósíalístaflokksins* (Reykjavík 1938).

Sulkunen, Irma, „Biography, Gender and the Deconstruction of a National Canon“, *Gendering Historiography: Beyond National Canons*. Ristjórar Angelika Epple og Angelika Schaser (Frankfurt 2009), bls. 65-77.

Sumarliði R. Ísleifsson, *Saga Alþýðusambands Íslands*, (Reykjavík 2013).

Svava Jakobsdóttir, *Leigjandinn* (Reykjavík 1969).

Svava Jakobsdóttir, *Tólf konur* (Reykjavík 1979).

Svava Jakobsdóttir, *Veizla undir grjótvegg* (Reykjavík 1967).

Sverrir Kristjánsson, „Katrín Thoroddsen“, *Ritsafn II*. Aðalgeir Kristjánsson, Jón Guðnason og Þorleifur Hauksson tóku saman (Reykjavík 1981), bls. 214-216.

Vallance, Elizabeth M., *Women in the House. A Study of Women Members of Parliament* (London 1979).

Vilmundur Jónsson, *Afkynjanir og vananir* (Reykjavík 1937).

Þorsteinn M. Jónsson, *Stofnsaga Framsóknarflokksins* (Reykjavík 1960).

Þórey S. Guðmundsdóttir, *Félag íslenskra háskólakvenna og Kvenstúdentafélag Íslands* (Reykjavík 2013).